Ibúðar- og verzlunarhús, 1 hæð, ris m/porti og 2 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt, nema 2 úr múrhúðuðu timbri í risi, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 3 sölubúðir, 3 geymslur, v.s. m/handlaugum 2, 3 útgöngudyr og 2 innkeyrslur, allt múrhúðað, málað og terrasso á búðagólfum að mestu. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, 3 fastir skápar, allt múrhúðað, málað og dúklagt að mestu, þiljað er neðan á skambita, þar uppi ósundurhólfluð geymsla enn þá. Í kjallara er ólímiðstöðvarherbergi, 4 geymsluherbergi og göng, allt múrhúðað. Húsið ekki fullbúið.

Stærð hússins: L 12.0 m. br. 10.8 m. h. 4.1 m. ris 4.6 m. kj. 2.2 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur 300.900.-/

Gata og númer:

Langhóltsvegur 176

Möt framkvæmd: 28/2/1949.

Metið kr.

Ibúðar- og verzlunarhús, 1 hæð, ris m/porti og 2 kvistum og geymslu-
kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt, á að slétt húðast utan,
klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og steinskífu. Á hæð-
inni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri
forstofa og 3 fastir skápar, allt málað og veggfóðrað og dúklagt, fiskibúð
og bakherbergi. Þakhæðin er óinnréttuð. Í kjallara er aðgerðarherbergi,
klefi, 2 geymslur, fatageymsla, v.s., anddyri, gangur, þvottahús og kola-
miðstöðvarklefi.

Stærð hússins: L 13.0 m.br. 9.5 m. h. 3.6 m. ris 3.6 m. kj. 2.6 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....krónur 247.000.-

Virt:17/2 1978.

Bílskúr hefur verið byggður við húsið, hann er steinsteiptur, slétt húðaður
og málaður að utan með bárujárns þak. Bílskúrin er upphitaður, einfaldur
og þússaður að innan.

Stærðir skúrsins:

L. 10,4 m., Br. 4,00 m., H. 2,70 m. = 112m³

Skúrin ásamt tilheyrandi er virtur á.....kr. 1.568.000.-

Gata og númer: Langholtsvegur 177

Möt framkvæmd: 7.júlí 1974	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús(pallaraðhús). Húsið, sem er 1-2 hæðir, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.</p> <p>1.-2.hæð: Þar er anddyri, pallur, 5 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. 1 baðherbergi með kerlaug, 2 vs., 2 handlaugar. Svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir, veggfóðraðir og viðarklæddir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru máluð. 1 þvottahús, geymsla.</p> <p>Stærð hússins: L 8,7 m., Br. 9,00m., H. 6,4 m. = 501 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr.</p>	<p>5.010.000.-</p>

Möt framkvæmd: 20/8/1949. 22/5/1970	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri á steinsteyptan kjallara, óvarið utan, klætt innan vikurplötum í kjallara, en sænsku einan-grunarefni á hæðinni og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug, ytri og innri forstofa og fastar skápasamstæður í 4 herbergjum, allt veggfóðrað og málað og dúklagt. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri, v.s. og handlaug og ytri og innri forstofa allt málað og dúklagt, ennfremur þvottahús m/kolamiðstöð og geymsla. Stærð hússins: L 14.0 m. br. 9.9 m. h. 3.1 m. ris 2.1 m. kj. 2.6 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p style="text-align: right;"><u>297.200.-</u>^v</p>
<p>Virt:22/5/1970.</p> <p>Óskað er endurmats til lækkunar, þykir tryggingin of há.</p> <p>Stærð hússins: L. 14.0 m., br. 9.9 m., h. 3.1 m., ris 2.1 m., kj. 2.6 m. = 929.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. <u>2.790.000.-</u></p>	

Gata og númer: Langholtsvegur 179

Möt framkvæmd: 20.nóv. 1974	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið, sem er 2 hæðir og $\frac{1}{2}$ kjallari, er byggt úr steinsteypu, einangrað með plasti. Slétthúsað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárni. Hitaveita.</p> <p>1.hæð: Þar er anddyri, skáli, 1 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf eru dúklögð og máluð. Auk þess er geymsla, þvottahús og sorpgeymsla.</p> <p>2.hæð: Þar er stigi, 5 íbúðarherbergi. 1 baðherbergi með kerlaug, vs., handlaugar, steypa. 2 svalir. Innbyggðir skápar. Veggir eru málaðir og veggfóðraðir. Gler eru tvöföld í gluggum. Harðviðar hurðir. Gólf máluð. Fataherbergi.</p> <p>Í kjallara: þar eru 2 geymslur og hitaveituinntak.</p> <p>Stærð hússins: L 9,5 m., Br. 9,3 m., H. 5,9 m. 521 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 5.210.000.-</p>	<p>5.210.000.-</p>

Gata og númer: LANGHOLTSVEGUR 180.

Möt framkvæmd: 28/2/1961.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris m/3 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri, múrhúðað og með bárujárns þaki.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, forstofa, 5 íbúðarherbergi, eldhús m/borðkrók, kerlaug og v. s. m/handlaug. Svalir. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum. Hurðir málaðar.</p> <p>Í þakhæð er stigahús, forstofa, 2 íbúðarherbergi, eldhús, kerlaug og v. s. m/handlaug. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum. Hurðir málaðar.</p> <p>Í kjallara er anddyri, forstofa, 3 íbúðarherbergi, eldhús, kerlaug og v. s. m/handlaug. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Einfalt gler er í gluggum. Hurðir eru málaðar. Auk þess, þvottahús, kyndiklefi m/olíukyndingartæki (1 ketill) og ein geymsla og önnur undir stiga.</p> <p>í Stærð hússins:</p> <p>L. 10.8, 9.68, h. 2.8, ris. 3.8, kj. 2.65 = 700.4 rúmm.....kr.</p>	<p>805.500.-</p>

Gata og númer:

LANGHOLTSVEGUR 181.

Möt framkvæmd: 26/11/1960.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð og kjallari, hlaðið úr vikursteini, einangrað með texti, múrhúðað utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og einfalt gler er í gluggum.</p> <p>Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri og forstofa. Allt málað og dúklagt. Hurðir eru úr harðviði og einfalt gler er í gluggum. Auk þess er í kjallara þvottahús, kyndiklefi m/olíukyndingarkatli og ein geymsla undir tröppum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 10.0 m., br. 8.0 m., h. 2.7 m., ris 1.7 m., kjh. 2.6 m. = 496.00 m³.</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	<p>kr. 421.600.-</p>

Möt framkvæmd: 6/2/1952.

Metið kr.

Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilrúm steipt eða vikurhlaðin, slétthúðað og kremborið utan, fðórað innan gosull og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, 4 fastir skápar, allt málað og dúklagt; ennfremur veggsgalir. Á þakhæð er geymsla. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri m/stigagangi, innri forstofa og 5 fastir skápar, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús m/olíumiðstöð, geymsla undir stiga og útitröppum.

Stærð hússins:	L 10.5	br. 9.15	h. 2.9	ris 1.8	kj. 2.7	=	603.66 m ³
" útskots:	L 1.6	br. 4.5	h. 2.9	ris 1.0	kj. 2.7	=	43.22 m ³
							646.88 m ³

Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....

323.400.00✓

Gata og númer:

Langholtsvegur 184

Möt framkvæmd: (20/4/1948) 16/5/1951.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús úr timbri, 1 hæð, ris og kjallari af sænskri Rosendal-gerð, að öllu leyti eins og Langholtsvegur 108 hér næst á undan.</p> <p>Stærð hússins: L 13.8 m. br. 8.3 m. h. 3.1 m. ris 2.3 m. kj. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>215.900.00 =====</p>
<p>-----</p> <p>Virt 16/5/1951.</p>	
<p>Húsið er óbreytt að stærð frá síðasta mati 20. apríl 1948, en innanhúss hafa verið gerðar á því nokkrar breytingar og umbætur utan húss og innan. Í risi hafa verið innréttað 2 íbúðarherbergi, máluð og eiga að dúkleggjast og íbúðarherbergi innréttað á sama hátt í kjallara og öll kjallaraíbúðin máluð; þar hafa einnig verið sett ný oliukyndingartæki. Utan á allt húsið hefir verið sett ný timburklæðning og allur kjallarinn múrhuðaður utan.</p> <p>Ibúðarhús: L 13.8 m. br. 8.3 m. h. 3.1 m. ris 2.3 m. kj. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>327.600.00/</p>

Gata og númer:

LANGHOLTSVEGUR 185

Möt framkvæmd: 10/2/1957.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari, byggt úr steinsteypu, einangrað með timbri, múrhúðað að utan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni.</p> <p>Á 1. hæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Málaðar hurðir. Þakhæðin er óinnréttuð og ósundurhófluð geymsla.</p> <p>Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Allt málað og dúklagt. - Auk þess er í kjallaranum þvottahús, kyndiklefi m/olíukyndingartæki og geymsla undir tröppum.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 9.5 m. Br. 7.7 m. H. 2.7 m. Ris 1.4 m. Kj. 2.7 m.</p> <p>L. 4.2 m. Br. 2.1 m. H. 2.7 m. Ris 0.7 m. Kj. 2.7 m. Alls 497.36 m³</p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á Kr. 373.000.00</p>	
<p>7</p> <p>Virt: 7/2.1978.</p> <p>Steinsteypdur bílskúr hefur verið byggður við húsið, hann er einangraður, með plasti og bárujárnsþaki, hraunaður að utan, sundurhólfður og þússaður að innan.</p> <p>Stærðir bílskúrsins:</p> <p>L. 3,50 m., Br. 6,00 m., H. 2,9 m., = 61m³</p> <p>Skúrin ásamt tilheyrandi er virtur á.....kr 793.000.-</p>	

Möt framkvæmd: 20/12/1949.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris m/3 kvistgluggum og kjallari, byggt úr steinsteypu húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappe og bárujárni. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, fataskápur og 2 fastir skápar, allt málað og dúkklagt, nema korkur er á innri forstofu, eldhúsi og baðherbergi og gúmmí á anddyrisgólfi; ennfremur veggvalir. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, v.s. og forstofa, allt veggfóðrað, málað og dúkklagt; ennfremur 2 geymslur. Þiljað er neðan á skambita. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og 3 fastir skápar, allt málað og dúkklagt; ennfremur þvottahús m/olíumiðstöð, geymsla undir stiga og geymsla undir útitróppum.</p>	
Stærð hússins A: L 9.5 m. br. 8.5 m. h. 2.8 m. ris 3.2 m. kj. 2.7 m.	
" útskots " " 4.9 m. " 1.3 m. h. 2.8 m. ris 0.6 m. kj. 2.7 m.	
A Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....Krónur	231.900.-
B Geymsluskúr úr timbri er á lóðinni, pappaklæddur utan og innan og með timburgólfi. Eigandi hans er Gunnar Björnsson.	
Stærð skúrsins: L 4.6 m. br. 3.3 m. h. 2.2 m.	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....krónur	2.700.-
Samtals krónur	234.600.- ✓

Möt framkvæmd: (10/10/1953.) 28/2 1955.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, 1 hæð, ris m/kvisti og 4 gluggakvistum og kjallari byggt úr steinsteypu, óhúðað utan, klætt innan ýmist vikri, gosull eða korki og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri m/stigagangi, 2 innri forstofur og 4 fastir skápar, allt málað að mestu og dúklagt. Á þakhæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, innri forstofa 11 fastir skápar og geymsla, allt málað og dúklagt, nema stigahús; ennfremur veggsvallir. Piljað á skambita og geymsla uppi. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri m/stigagangi, 2 innri forstofur og fatahengi, allt málað og dúklagt, bókahilla í skilrúmi og prís settur skápur fastur m/yfirskápum; ennfremur þvottahús m/olíumiðstöð m/2 kötlum og geymsla undir stiga.</p> <p>St. hússins: L 11.0 br. 8.9 h. 3.1 ris 4.0 kj. 2.6 = 753.83 m³ " útskots: L 4.3 br. 1.25 h. 3.1 flatt þak " 2.6 = 30.60 m³ 784.43 m³</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p style="text-align: right;">439.300.00</p>
<p><u>Virt 28/2 2955.</u></p> <p>Obreytt að stærð frá síðasta mati 10. okt. 1953, en hefir verið slétt húðað utan og snjókremað, einnig hefir verið gengið frá stigahúsi inni og ný útlend kynding sett við ketil kjallarans.</p> <p>Íbúðarhús: L. 11.0 m. Br. 8.9 m. H. 3.1 m. ris 4.0 m. kj. 2.6 m. Útskot : L. 4.3 m. Br. 1.25m. H. 3.1 m. flatt þak kj. 2.6 m. Alls 784.43 m³</p> <p>Húsið með útskoti og tilheyrandi er metið á kr. 556.900.00</p>	

Möt framkvæmd: 15/2/1950.

Metið kr.

Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr hlöðnum víbrósteini, kjallari steinsteyptur, húðað utan skeljasandi, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, málað og dúklagt, skápur í svefnherbergi. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., skilrúm steipt eða vikurhlaðin, allt málað og dúklagt. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús, olfumiðstöðvarklefi og geymslur. Stærð hússins: L 9.0 m. br. 8.3 m. h. 2.7 m. ris 4.0 m. kj. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

172.100.-v

Möt framkvæmd: 30/7/1957.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, ein hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri á steinsteiptum kjallara, einangrað með vikri, múrhúðað og málað að utan og með þaki úr timbri, pappa og aluminium og einum gluggakvist.</p> <p>Á 1.hæð eru 3 íbúðarherbergi, 2 eldhús m/1 borðkrók, 2 v. s. og 2 handlaugar, anddyri og 2 innri forstofur, gangur. Allt málað og dúklagt. Venjulegar hurðir.</p> <p>Á 2.hæð eru 3 íbúðarherbergi, stigahús og forstofa, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug. Innbyggðir skápar. Allt málað og dúklagt. Venjulegar hurðir.</p> <p>Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/steypu, v. s. og handlaug, anddyri og innri forstofa. Allt málað og dúklagt. - Auk þess er í kjallaranum þvottahús, kyndiklefi m/2 olíukyndingarkötlum og 2 geymslur.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 11.0 m. Br. 8.0 m. H. 2.7 m. Ris 3.0 m. Kj. 2.3 m. = 572.00 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er metið á Kr. 429.000.00</p>	

Möt framkvæmd: (9/3/1948) 24/5/1949.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr 2" plögðum plönkum eftir samskrif Rosendal-gerð, með grófsteiptum kjallara, klætt utan 1" plögðum borðum, asfalt-pappa og múrhúð, einangrað með steinullarmottum (Roockwood), en í kjallara með vikurplötum á parti og með þaki úr timbri, asfaltpappa og bárujárni. Á hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús/m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, 6 fastir skápar og stigagangur, allt texklætt, málað og dúklagt. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 5 geymsluherbergi, þvottaherbergi, olíu-miðstöðvarherbergi og gangur, allt múrhúðað.</p> <p>Stærð hússins: L 13.8 m. br. 8.3 m. h. 3.1 m. ris 2.3 m. kj. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>197.600.00</p> <hr/>
<p>Virt 24/5/1949.</p> <p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 9. marz 1948, að öðru leyti en því, að kjallari þess hefir verið innréttaður og eru þar 4 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðklefi m/v.s., anddyri, innri forstofa, allt málað og dúklagt, ennfr. Þvottahús m/olíumiðstöð, þurrkherbergi, 2 geymslur og geymsla undir stiga og útitröppum.</p> <p>Ibúðarhús: L 13.8 m. br. 8.3 m. h. 3.1 m. ris 2.3 m. kj. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>Krónur 245.700.-</p> <hr/>
<p>Virt: 21/9 1976.</p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar lagfæringar á húsinu.</p> <p>1.hæð: Þar er ný eldhúsinnrétting og nýjar lagnir. Nýtt baðherbergi. Nýtt gler sett í og veggir veggfóðraðir og málaðir.</p> <p>Þakhæð: Verið er að endurbæta allt þar.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>L. 13.8 m., Br. 8.3 m., H. 3.1 m., Ris. 2.3 m., Kj. 2.2 m. = 733 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>kr 16.858.000.-</p> <hr/>

Gata og númer:

Langholtsvegur 194

Möt framkvæmd: 9/3/1948	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari af sænskri Rosendal-gerð að öllu leyti eins og Langholtsvegur 192 hér næst á undan.</p> <p>Stærð: L 13.8 m. br. 8.3 m. h. 3.1 m. kj. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>197.600.00 =====</p>
<p><u>Virt:7/5.1981.</u></p> <p>Húsið hefur verið endurmetið til hækkunar, stærðir eru óbreyttar frá síðasta mati eða 607m³.</p> <p>Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....kr</p>	<p>813.380.-</p>

Möt framkvæmd: (28/12/1948) 14/4/1950.	Metið kr
<p>Íbúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri af sænskri Asa-gerð á steinsteyptan kjallara timburklætt utan með standandi vatnasklæðningu tvímálaðri, fóðrað innan texti og masonit og með þaki úr timbri, pappa og asbestskífu. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi, v.s. m/handlaug, 2 anddyri, innri forstofa og 4 fastir skápar, herbergin og innri forstofa veggfóðruð og máluð, hitt allt málað, öll gólf dúklögð. Þakhæðin er óinnréttuð geymsla. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðherbergi m/v.s. og snyrti, langur gangur, stigaforstofa, allt veggfóðrað og dúklagt, en loft múrhúðuð og máluð, ennfremur þvottahús m/olíumiðstöð og 2 geymslur undir útitröppum.</p> <p>Stærð hússins: L 12.0 m. br. 7.5 m. h. 3.0 m. ris 2.4 m. kj. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><u>193.000.-</u></p>
<p><u>Virt 14/4/1950.</u></p>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 28. desember 1948.</p> <p>Íbúðarhús: L 12.0 m. br. 7.5 m. h. 3.0 m. ris 2.4 m. kj. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p><u>217.100.-</u></p>

Möt framkvæmd: 6/3/1951.

Metið kr.

Íbúðarhús, 1 hæð, ris m/ 1 gluggakvistí og kjallari, byggt úr steinsteypu, húðað utan liparitsalla, vikurklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og aluminium. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, anddyri, innri forstofa, baðherbergi m/keri og v.s. og handlaug, fastir skápar í svefnherbergi og forstofu, allt málað og dúklagt. Á þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s. og handlaug og fastir skápar í svefnherbergi og forstofu og fataskápur, öll skilrúm úr timbri og múrhúðuð, allt málað og dúklagt. Þiljað er á skambita. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/steypu, v.s. og handlaug, allt málað og dúklagt; ennfremur þvottahús, kolamiðstöðvarklefi og 2 geymslur og kolageymsla anddyri og innri gangur og stigahús, málað og dúklagt.

Stærð hússins: L 11.5 m. br. 8.2 m. h. 2.8 m. ris 4.2 m. kj. 2.6 m.

" útskots: L 4.5 m. br. 1.3 m. h. 2.8 m. ris 1.8 m. kj. 2.6 m.

Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....

357.200.00

Gata og númer:

Langholtvegur 200

Möt framkvæmd: 6/11/1948.

Metið kr.

Ibúðarhús, 1 hæð, ris m/2 kvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, öll skilróm steyppt eða vikurhlaðin, óhúðað utan, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, þappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús borðkrókur, kerbaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa og fastur skápur, allt múrhúðað og málað, veggsvaíir. Á þakhæð eru 3 herbergi, /kerbaðherbergi m/v.s., stigagangur, innri forstofa og fastur skápur, allt múrhúðað. Þiljað neðan á skambbita, þar uppi er geymsla. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, kerbaðherbergi m/v.s., anddyri, innri forstofa, þvottahús, olíumiðstöðvar-
klefi, geymsla og geymsla undir útitröppum, allt múrhúðað.

Stærð hússins: L 11.5 m. br. 9.0 m. h. 2.8 m. ris 3.5 m. kj. 2.6 m.

" útskots: L 4.8 m. br. 1.0 m. h. 2.8 m. ris 0.4 m. kj. 2.6 m.

" do : L 4.3 m. br. 1.0 m. h. 2.8 m. ris 0.4 m. kj. 2.6 m.

Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....kr. 188.600.-

Möt framkvæmd: (24/6/1948) 23/9/1949.	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri eftir senskri Rosenda- gerð eins og Langholtsvegur 139, 141 o.fl. hér að framan. Stærð hússins : L 13.8 m. br. 8.3 m. h. 3.1 m. ris 2.3 m. kj. 2.2 m. Húsið, sem er ófullgert, er virt, ásamt tilheyrandi á.....</p>	<p>161.000.00 =====</p>
<p>===== Virt 23/9/1949.</p>	
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta mati 24. júní 1948 að ytra formi, en hefir nú verið klætt utan bárualunium, dúklögð gólf og málað innan að nokkru leyti, ennfremur hafa 2 íbúðarherbergi verið innréttuð í kjallara, múrhúðuð og máluð og sett í hann olíumiðstöðvarkynding. Íbúðarhús: L 13.8 m. br. 8.3 m. h. 3.1 m. ris 2.3 m. <i>Kj. 2.2 m</i> Kjallari : L 13.8 m. br. 8.3 m. h. 2.2 m.</p>	<p>230.800.-</p>
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>230.800.-</p>

Möt framkvæmd: 14/4/1950.

Metið kr.

Íbúðarhús, 1 hæð, ris m/3 gluggakvistum og kjallari, byggt úr steinsteypu, skilrúm ýmist steipt eða úr timbri, óhúðað utan, klætt innan vikurplötum og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi/og v.s., anddyri, innri forstofa og þrífettur fastur skápur, allt málað og dúklegt; ennfremur veggvalir. Á þakhæð eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, v.s. m/handlaug, forstofa, súðarskápar og geymsla, allt ýmist veggfóðrað eða málað og dúklegt, Þiljað er neðan á skambita, en ónothæft. Í kjallara eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri og innri forstofa, allt distemperað, nema eldhúsið er málað allt dúklegt; ennfremur þvottahús m/olíumíðstöð og geymsla undir stiga og útitröppum.

Stærð hússins: L 9.2 m. br. 9.5 m. h. 2.7 m. ris 3.3 m. kj. 2.6 m.

" útskots: L 5.2 m. br. 1.3 m. h. 2.7 m. ris 1.0 m. kj. 2.6 m.

Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....

247.400.-

Möt framkvæmd: 24/5/1949.

Metið kr.

Íbúðarhús, 1 hæð, port og ris m/kvisti og kjallari, byggt úr steinsteypu öll skilrúm steipt, kvartshúðað utan, klætt herakliti innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. Á hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa og 2 fastir skápar, allt múrhúðað, málað og dúkklagt. Á þakhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., stigahús, innri forstofa, allt múrhúðað, málað og dúkklagt, ennfremur veggsvaíir. Þiljað er neðan á skambbita og geymsla þar uppi. Í kjallara eru 4 geymslur, þvottahús, kolamiðstöðvarklefi, anddyri, innri gangur og kolageymsla undir forstofutröppum.

Stærð hússins: L 11.0 m. br. 7.2 m. h. 3.8 m. ris 3.0 m. kj. 2.1 m.

" útskots: L 3.3 m.br. 0.8 m. h. 3.0 m. flatt þak kj. 2.1 m.

" Do : ML 3.9 m.br. 1.0 m. h. 3.0 m. " " kj. 2.1 m.

Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....krónur 198.200.-^v

Gata og númer:

Langholtsvegur 208

Möt framkvæmd: 24/6/1948	Metið kr.
<p>Ibúðarhús, 1 hæð, ris og kjallari, byggt úr timbri eftir samskrif Rosendalgerð eins og Langholtsvegur 139, 141, 202 o.fl., hér að framan.</p> <p>Stærð hússins : L 13.8 m. br. 8.3 m. h. 3.1 m. ris 2.3 m. kj. 2.2 m.</p> <p>Húsið, sem er ófullgert, er virt ásamt tilheryandi á.....</p>	<p>161.000.00 =====</p>

Möt framkvæmd: 30/12/1952.	Metið kr.
<p>3 nýjar byggingar:</p> <p>A. Barnaskóli, 2 hæðir, ris m/ll gluggakvistum og kjallari, byggður úr steinsteypu, húðaður utan marmara- og kvartssalla, vikurkladdur innan, nema korkur bak við miðstöðvarofna og með þaki úr timbri, pappa og eternit-plötum. Á neðri hæð eru 4 kennslustofur, skrifstofa skólastjóra, skrifstofa yfir kennara, kennarastofa, eldhús, áhalda- og kortageymsla, dyra-varðarklefi, anddyri, 2 forstofur, ræstiklefi, stigahús, snyrtiklefi stúlkna, snyrtiklefi drengja og gangur að endilöngu, allt málað og dúklagt. Á efri hæð eru 7 kennslustofur, áhaldageymsla, snyrtiherbergi, ræstiklefi, stigahús og gangur að endilöngu, allt málað og dúklagt. Á þakhæð eru 3 stofur og samkomusalur m/leiksviði og búningsklefum, allt málað og dúklagt. Í kjallara eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/keri og v.s., anddyri, innri forstofa, gangur og 2 fastir skápar, allt málað og dúklagt; ennfremur trésmíðastofa drengja, áhalda- og efnisgeymsla, kennslustofa, lýsisgeymsla, v.s., snyrtiherbergi telpna, s.v. og snyrtiherbergi drengja, miðstöðvarklefi m/2 olfuköttum, þvottahús, geymslur, anddyri, hol, gangur og gangur að endilöngu.</p> <p>Stærð hússins: Ml. 35.0 mbr. 18.3 h. 7.0 kj. 3.2 = 7.814.1 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 5.860.600.</p>	
<p>B. Millibygging, 1 hæð, ris og kjallari, byggð úr steinsteypu, marmara- og kvartshúðuð utan, vikurkladd innan og með þaki úr timbri, pappa og eternitskífu. Á hæðinni er heilsugæzla skólabarna: Ljósastofa m/tilheyrandi búningsklefum, biðstofa, baðherbergi og v.s., læknisherbergi og tannlæknisherbergi, allt málað og dúklagt. Í kjallara er handavinnustofa telpna, búningsherbergi fyrir fimleikasal og gangur, málað og dúklagt.</p> <p>Rishæð ónothæf.</p> <p>Stærð hússins: L 13.4 br. 8.0 h. 2.9 ris 1.8 kj. 3.0 = 728.96 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 510.300.</p>	
<p>C. Leikfímishús, 1 hæð, ris, byggt úr steinsteypu, marmara- og kvartshúðuð utan, vikur- og korkklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og eternitskífu. Í austurenda byggingarinnar er fyrirhuguð heilsugæzlastöð fyrir Langholtsbyggðina, með herbergjum fyrir lækni, hjúkrunarkonu, ásamt biðstofu, búningsklefum, snyrtiherbergjum o. s. frv.</p> <p>Í vesturenda byggingarinnar er fimleikasalur, allt málað og dúklagt.</p> <p>Stærð hússins: L 29.65 br. 9.7 h. 6.5 ris 2.1 = 2.185.76 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 1.267.700</p>	<p>1.267.700</p> <p>Samtals krónur 7.638.600</p>

Gata og númer: Langholtsvegur, skóli II. áfangi

Möt framkvæmd: 9. /11/1965

Metið kr.

Segja má að hér sé um stækkun og nýja viðbyggingu frá síðasta mati 30/12/1952.

Byggt úr steinsteypu, einanfað með vikri, korki og gosull, marmarahúðað, að utan og þakið er steipt. Húsið er 2-1 hæðir, ris m/kvistum og kjallari. Hitaveita.

1. hæð: Þar eru 3 kennslustofur, gangur, stigahús, 2 anddyri, skáli, dyravarðarherbergi, 2 v. s. fyrir pilta og stúlkur. geymsla.

2. hæð: Þar eru 4 kennslustofur, gangur, og stigahús.

Kjallari: Þar eru 3 kennslustofur, gangur og stigahús.

Eins og fyrr segir er þetta stækkun á eldri skóla og ný viðbygging. Í loftum eru hljóðeinangrunarplötur að hluta en í öllu skálalofti. Veggir eru málaðir og loft þar sem við á. Þó er relief á veggjum í skála og á göngum. Dúkur er á gólfum með korkundirlagi. Flísar á gólfi í skála. Allir léftir veggir eru úr vikurplötum. Allar innihurðir eru úr eik en karmar og tilheyrandi málað. Útihurðir og tilheyrandi eru úr afzilia einnig gluggar í skála. Í gluggum er tvöfalt gler.

Stærð hússins:

D:	L. 17.5 m., br. 12.55 m., h. 7.0 m., ris 3.8 m., kj. 3.0 m.	= 2.614 m ³
	L. 21.0 m., br. 7.60 m., h. 3.4 m.	= 543. m ³
	L. 14.0 m., br. 12.10 m., h. 3.4 m.	+ 576. m ³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á kr. 9.333.000.-

←

Virt:10/1.1978.111.Áfangi.

Ný viðbygging Byggð úr steinsteypu, einangrurð með gosull og plasti, múrhúðað og marm. að utan, þakið úr plagan. Viðbyggingin er ein hæð og kjallari.

1. hæð.

Þar er a) Tengibygging og fatageymsla og stigahús.

b) kennslustofur.

Kjallari. Þar er a) Tengibygging-geymsla-stigahús.

b) kennslustofur.

Stærðir viðbyggingar (F.liðs.):

a) L. 17,0 m., Br. 7,4 m., H. 2,7 m., Ris. 0,5 m. = 340m³a) L. 10,9 m., Br. 7,4 m., H. ca 2,0 m. = 160m³a) L. 5,0 m., Br. 7,4 m., H. 2,9 m., Ris. 2,5 m. = 107m³b) L. 3,65 m., Br. 12,4 m., H. 5,9 m., Ris. 2,5 m. = 3236m³
3.843 m³

Viðbyggingin ásamt tilheyrandi er virt ákr 159.923.000.-

Gata og númer: 38 Langhóltsvegur, ^{Stúfir} Brekka í Laugarási. (Laugarásbl. 12)

Möt framkvæmd: 21/12/1928.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð. Í aðal hæðinni eru 2 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað innan, veggfóðrað og málað. Á bakbitum eru gólfborð og geymsla er þar uppi. Kjallari er undir öllu húsinu. Honum er skipt í tvennt. Húsið er sements-sléttað utan.</p> <p>Stærð: L. 7.0 m. br. 5.4 m. h. 2.8 m. ris 2.2 m. kjh. 1.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 7.680.-</p>	
<p>b. Viðbygging við íbúðarhúsið, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í viðbyggingunni er 1 íbúðarherbergi, þiljað, veggfóðrað og málað innan.</p> <p>Stærð: L. 5.1 m. br. 5.4 m. h. 3.0 m. skáþak.</p> <p>Viðbyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 2.145.-</p>	
<p>c. Fuglahús, úr steinsteypu, með járnþaki á langböndum. Þiljað er innan á útveggi hússins og neðan á bakbita. Timburgólf er í skúrnum, trépallar og slár.</p> <p>Stærð: L. 8.9 m. br. 5.2 m. h. 2.2 m. skáþak.</p> <p>Skúrin er virtur á..... 2.244.-</p>	
	<p>Samtals 12.069.-</p>

Gata og númer:

Langhóltsvegur, Sólberg, (Fvlbl. 27)

Möt framkvæmd: 21/4/1930.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með risi, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum á veggjum og þaki. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og anddyri. Allt þiljað og veggfóðrað. Litill inngönguskúr er við húsið.</p> <p>Stærð: L. 5.7 m. br. 5.7 m. h. 2.6 m. ris 1.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>3.975.- ✓</p>

Gata og númer:

Langhóltsvegur

Möt framkvæmd: 23/8/1950.

Metið kr.

Hús þetta er afdrög fyrir strætisvagnafarþega, hringmyndað, byggt úr timbri á steinsteyptar undirstöður, hellulagt gólf, klætt lóðréttri timburklæðningu og plægðum listum og með þaki yfir úr timbri, pappa og listum: timburbekkir eru á 3 vegu.

Stærð: Veggir: L 6.0 m. hæð 2.6 m. þak R 3.0 m.

Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á

23.000.00✓

Gata og númer:

Langhóltsvegur

Möt framkvæmd: 23/8/1950

Metið kr.

Hús þetta er afdrepi fyrir strætisvagnafarþega, hringmyndað, byggt úr timbri á steinsteyptar undirstöður, hellulagt gólf, klætt, lóðréttri timburklæðningu og plægðum listum og með þaki yfir úr timbri, pappa og listum, timburbekkir eru á 3 vegu.

Stærð: Veggir: L 6.0 m. hæð 2.6 m. þak R. 3.0 m.

Skýlið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 23.000.00

Gata og númer: LÁTRASEL 7

Mót framkvæmd: 16.07.81.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr steinsteypu, einangrað með glerull og plasti, múrhúðað að utan og með bárujárnspaki.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, skáli, 4 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, baðherb. með steypu, 2 v.s. og 2 handlaugum. Innbyggðir skápar og hurðir ókomnar. Auk þess eru á hæðinni búr og þvottahús. Tvöf. gler er. Ath. hæðin er ófrágengin.</p> <p>Í kjallara er anddyri, 1 íbúðarherbergi. Veggir eru málaðir. Tvöfalt gler er í gluggum. Ath. einn stór geymur. Bílskúr er fyrir tvo bíla.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 15,00 m., br. 5,67 m., kj. 2,50 m. " 15,00 " " 13,49 " h. 3,10 " ris 1,30 m. Samtals 972 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	1.020.600,00

Gata og númer: LÁTRASEL 8

Möt framkvæmd: 11.06.81.	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús, byggt úr timbri með steiptum kjallara.</p> <p>Á 1. hæð er anddyri, 5 íbúðarherbergi, eldhús með borðkrók, baðherb. með kerlaug, steypu, 2 v.s. og 2 handlaugum. Innbyggðir skápar eru. Veggir eru málaðir. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið. Auk þess eru á hæðinni búr, þvottaherbergi og sjónvarpsstofa.</p> <p>Í kjallara er anddyri, baðherb. með v.s. og handlaug. Tvöfalt gler er í gluggum. Hurðir eru úr harðvið. Einnig eru í kjallara geymsla, gufubað, hvíld og hobbyherbergi.</p> <p><u>Stærð hússins:</u></p> <p>L. 7,34 m., br. 6,39 m., kj. 2,50 m.</p> <p>" 13,40 " " 10,98 " h. 2,50 " ris 1,40 m. Samtals 588 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á</p>	<p>617.400,00</p>

Gata og númer: Látrassel 12

Möt framkvæmd: 31/12 1981	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðarhús. Húsið sem er steinsteypt er á 1.hæð. 1.hæð: Þar er anddyri, 5.íbúðarherbergi, eldhús, borðkrókur, þvottahús og 2.geymslur. Baðherbergi með kerlaug, steypu, v.s. og handlaug. Tvöfalt gler er í gluggum. Bílskúr er fyrir 2.bíla. Stærð hússins: L. 17.40 m., Br. 11.09 m., H. 3.4 m. = 656 m³ Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á miða við 1/1.1982kr.</p>	<p>1.283.136.-</p>

Gata og númer:

Laufásvegur 2.

Möt framkvæmd: (1/11/1942.)(15/1/1946.)(14/4/1950.) 10/10/1951.	Metið kr.
<p>a. Íbúðar- skrifstofu- og brauðsöluhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í aðalhöð hússins eru 3 skrifstofu- og afgreiðsluherbergi, brauðsölubúð, v.a., 2 anddyri og gangur. Í þaklyfti eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s., 2 geymsluklefar og gangur. Stóð kvistur er á húsinu. Skilveggir allir eru úr bindingi, með tvöföldum þiljum og þiljað neðan á allar loftbita og innan á útveggi, allt strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Í útveggjabinding er stoppað með marnálmí eða sagspónum. Í öllum bitalögum er milligólf og á milli gólfanna er pappi og sagspónastopp. Steinsteypukjallari með steypu gólfi er undir öllu húsinu. Þar er járnbiti undir endilöngu loftinu. Þar eru 2 íbúðarherbergi, þvottahús, miðstöðvarherbergi, v.s. og geymslu- og baðherbergi.</p> <p>Stærð: L. 11.9 m. br. 9.4 m. h. 4.4 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 157.100.-</p>	
<p>b. Verzlunarskúr, einlyftur, með skáþaki, úr steinsteypu á 3 vegu, en 4. hlíðin er uðð við tréhúsið. Þak er úr jární á borðasúð. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þéttri rimlabiljum þar innan á. Krossviðar-klæðning er þar innan á og neðan á loftbitum allt oliuborið. Steinsteypugólf er í búðinni og trégólf þar yfir. Afþiljaður klefi er þar fyrir afgreiðslustúlkunna.</p> <p>Stærð: Meðall. 4.6 m. br. 4.0 m. h. 2.8 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 12.980.-</p>	
<p>c. Geymsluhús, úr binding, klætt borðum, pappa og jární á veggjum og þaki.</p> <p>Stærð: L. 6.9 m. br. 4.1 m. h. 3.5 m. skáþak.</p> <p>Húsið er virt á..... 12.600.-</p>	
Samtals	182.680.4
<p>Húsið er óbreytt frá síðasta máti 1/11/1942, að öðru leyti en því að nú er þar hárgreiðslustofa.</p>	
<p>Stærð íbúðarhússins A: L. 11.9 m. br. 9.4 m. h. 4.4 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 248.800.-</p>	
<p>B. Stærð verzlunarhúss: Meðall. 4.6 m. br. 4.0 m. h. 2.8 m. skáþak.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... 13.000.-</p>	
<p>C. Stærð geymsluhúss: L. 6.9 m. br. 4.1 m. h. 3.5 m. skáþak.</p> <p>Húsið er virt á..... 7.800.-</p>	
Samtals	269.600.-

Gata og númer:

Möt framkvæmd: frh.	Metið kr.
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 15. janúar 1946.	
A. Íbúðarhús m/m: L 11.9 m. br. 9.4 m. h. 4.4 m. ris 3.8 m. kj. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	334.700.-
B. Verzlunarhús viðbygg.: Ml. 4.6 m. br. 4.0 m. h. 2.8 m. skápak. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	17.000.-
C. Geymsluskúr: L 6.9 m. br. 4.1 m. h. 3.5 m. skápak. Geymsluskúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	8.900.-
<u>Samtals krónur</u>	<u>360.600.-</u>
<u>Virt 10/10/1951.</u>	
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 14. apríl 1950.	
A. Íbúðarhús: L 11.4 m. br. 9.4 m. h. 4.4 m. ris 3.8 m. kj. 2.5 = 984.37 m ³ Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	443.000.00
B. Verzlunarh., vb.: L 4.6 m. br. 4.0 m. h. 2.8 m. skápak. = 51.52 m ³ Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	30.900.00
C. Geymsla : L 6.9 m. br. 4.1 m. h. 3.5 m. skápak. = 99.02 m ³ Geymsluskúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	14.900.00
<u>Samtals krónur</u>	<u>488.800.00</u> ✓

Gata og númer:

Laufásvegur 2 a.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.

Metið kr.

Íbúðarhúsið, byggt þannig, að neðri hæð þess úr steinsteypu, en efri hæðin úr steiptum holsteini, þak er úr borðasúð, pappi og járni. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhúsi og gangur. Þiljað er innan á alla útveggja. Skilveggir eru úr binding, með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig neðan á loftbita. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappir og öll hæðin ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhúsi, v.s. og gangur. Allt með samskonar frágangi eins og er í neðri hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvottaherbergi, glímukenslustofa, geymsluherbergi og gangur. Þiljur eru innan á öllum útveggjum kjallarans og skilveggir eru allir úr timbri. Steinsteypugólf er í honum.

Stærð: L. 8.8 m. br. 8.8 m. h. 6.0 m. ris 2.3 m. kjh. 2.2 m. = 720.19³

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

66.185.4

735.900

Gata og númer:

Laufásvegur 3.

Möt framkvæmd: 21/2/1934.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með kvisti, gluggakvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, þappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Í binding er fyllt með sagspónum og milligólf er í bitalögum. Í aðalhæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni eru 3 íbúðarherbergi, geymsluklefi og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðalhæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er þvottahús og 3 geymsluklefar.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 6.3 m. h. 2.8 m. ris 2.8 m. kjh. 2.1 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurgafli hússins, með þaksvölum, byggður eins og það. Þar eru 2 gangar og v.s.</p> <p>Stærð: L. 1.9 m. br. 3.8 m. h. 2.7 m. þaksvallir.</p> <p>Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður eins og það. Þar eru 3 gangar og v.s.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.8 m. h. 5.0 m. skábak, kjh. 2.1 m.</p>	
Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....	12.249.-
<p>b. Við norðugafli aðalhússins er viðbygging úr steinsteypu, sementssléttuð utan og með járnþaki á plægðri borðasúð, með þappa á milli. Þar eru 2 íbúðarherbergi, gangur og skápur. Allt sementssléttuð og málað.</p> <p>Stærð: L. 4.7 m. br. 6.3 m. h. 3.4 m. ris 0.2 m.</p> <p>Viðbyggingin er virt á.....</p>	2.808.-
Samtals	15.057.-
Virt:23/2.1981.	
Húsið hefur verið gert algerlega upp frá síðasta mati, það er því endurmetið samkvæmt því.	
Stærðir hússins eru óbreyttar eða:	
A. liður. 367 m ³ að stærð er virtur á.....	kr. 449.575.00
B. liður. 104 m ³ að stærð er virtur á.....	kr. 127.400.00
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....	kr. 576.975.00

Gata og númer:

Laufásvegur 4.

Möt framkvæmd: (1/2/1942.) 28/12/1948

Metið kr.

a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, virlagt og múrhúðað með skeljasandi á austurhlíð og suðurgafli, en með tvöfaldri borðaklæðningu á norðurgafli og vesturhlíð. Allt stoppað í binding með marhálmi. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og járpi. Í aðal hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og gangur. Allt þiljað, strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað.

Loftin eru tvöföld. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og á aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypugólf er undir öllu húsinu. Þar eru 3 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað, veggfóðrað og málað. Trégólf er yfir steinsteypugólfinu í íbúðinni. Auk þessa er í kjallaranum miðstoðvarherbergi og 2 geymslukleifar..

Stærð: L. 8.8 m. br. 7.5 m. h. 4.1 m. ris 2.5 m. kjh. 2.3 m.

Viðbygging er við suðurgafli hússins, byggð eins og það. Þar er þraudsölu-
búð, þiljuð og maluð og 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað og veggfóðrað.

Stærð: L. 3.8 m. br. 7.5 m. h. 3.1 m. ris 0.4 m. kjh. 2.0 m.

Húsið, ásamt viðbyggingu og tilheyrandi, er virt á.....

52.390.-

b. Þlikksmiðja, einlyft, með skúrbaki, úr steinsteypu, með járnþaki á lang-
böndum. Veggirnir eru sementssléttaðir utan, en að innan eru þeir koltjörubornir og sementshúðaðir. Þar eru 2 smíðarherbergi, skrifstofa og gangur. Allir skilveggir eru úr timbri. Steinsteypugólf er í húsinu og neðan á bakbitalögum eru plægð borð.

Stærð: L. 6.6 m. br. 6.8 m. h. 2.5 m. skáþak.

Vinnustofa er byggð sunnan við olikksmiðjunna, úr steinsteypu á 2 vegu, en framhlíð hennar er úr bindingi, klædd utan borðum, pappa, listum og járni. Þak er úr járni á pappa og borðasúð. Einn skilveggur er í skúrnum úr timbri. Hann er allur klæddur innan með þilborðum. Steinsteypugólf er í skúrnum og 2 þakgluggar.

Stærð: L. 10.5 m. br. 5.5 m. h. 3.2 m. skáþak.

Smiðjan, ásamt vinnustofu og tilheyrandi, er virt á

12.880.-

Samtals

65.270.-V

28/12/1948

Húsið er breytt frá síðasta mati 1. febrúar 1942, að því leyti, að byggður hefir verið kvistur á íbúðarhúsið og ýmsar unbætur og breytingar gerðar í því innanhúss. Auk þess er nú dósageymsla í viðbyggingunni við íbúðarhúsið, þar sem áður var verzlun.

A. Íbúðarhús: L 8.8 m. br. 7.5 m. h. 4.1 m. ris 2.5 m. kj. 2.3 m.

Gata og númer:

Laufásvegur 5.

Möt framkvæmd: 1/9/1942.	Metið kr.
<p>og þvotta- a. Íbúðarhús, einlyft, með kvisti, risi og kjallara, úr grásteini, með jarnþaki á plögðri borðasuð, útveggir eru allir sléttaðir utan með sementsblöndu og kjallarinn og kvisturinn asfaltbornir að innan. Í aðalherberginu eru 5 íbúðarherbergi, gangur, eldhús og 2 fastir skápar. 1 herbergið er þiljað innan, en hitt allt kalksléttað og ýmist veggfóðrað eða málað. Í eldhúsinu eru leirflísar, bæði á veggjum og gólfi við eldavefina. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, gangur og 4 hliðakompur, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, 3 gangar, 2 skrifstofur, þvottahús og geymsluklefi. Timburgólf er yfir steinsteypugólfinu í íbúðinni og skrifstofunum. Þessi herbergi eru þiljuð, strigalögð og ýmist veggfóðruð eða máluð.</p> <p>Stærð: L. 15.7 m. br. 7.5 m. h. 3.3 m. ris 2.9 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurhlið hússins, með kjallara, byggður úr binding, klæddur utan með plögðum borðum, pappa, listum og jarni á veggjum og þaki. Í honum eru 3 gangar, 1 v.s. og skápur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað.</p> <p>Stærð: L. 2.7 m. br. 2.5 m. h. 5.7 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Við austurhlið hússins er annar inngönguskúr, byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 1.9 m. h. 1.9 m. skápak.</p>	<p>107.130.-</p>
<p>b. Geymsluhús, úr bindingi, á 2 vegu og klætt utan með plögðum borðum, pappa listum og jarni á 2 vegu á veggjum og þaki. Eldvarnarveggir eru á 2 vegu. Gólf og loft er úr timbri. Húsið er hólfað í þrennt niðri og þiljað á bindingsveggina, en kalksléttað á eldvarnarveggina. Uppi er þurkloft.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 4.4 m. h. 3.3 m. ris 1.6 m.</p> <p>Húsið, er virt ásamt girðingu á.....</p>	<p>10.250.-</p>
	<p>Samtals 117.380.-/</p>

Gata og númer:

Laufásvegur 6.

Möt framkvæmd: 1/1/1944.

Metið kr.

Íbúðarþúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, og 2 fastir skápar, allt þiljað, strigalagt, og ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni er sama herbergjaskipun og frágangur eins og á neðri hæðinni. Á risbitum eru gólfborð. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í honum er 1 herbergi, þiljað og málað, þvottahús, 4 geymslukleifar og gangur. Stærð: L. 10.0 m. br. 7.5 m. h. 6.3 m. ris 1.9 m. kjh. 2.1 m.

Inngönguskúr er við vesturhlíð hussins, byggður eins og það.

Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 6.1 m. skáþak, kjh. 2.1 m.

Inngönguskúr er við suðurgöfl hússins, með risi og kjallara, byggður eins og húsið. Neðri er inngangur og 2 fastir skápar. Uppi er herbergi, þiljað og málað. Í kjallaranum er geymsla.

Stærð: L. 2.0 m. br. 2.7 m. h. 6.0 m. skáþak, kjh. 2.1 m.

Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á..... 108.320.-✓

Gata og númer:

Laufásvegur 7.

Möt framkvæmd: (1/11/1941.) 25/9/1945.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með porti, risi, kvistum og kjallara, úr grásteini, með járnþaki á plægðri borðasúð, með pappa á milli. Milligólf er í tveimur bitalögum og fyllt á milli þeirra með sagspónum. 1 skilveggur er úr steini og nær eftir endilöngu húsinu, upp að bakhæð. Aðrir skilveggir eru úr timbri. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, 2 gangar, 4 fastir skápar, allt þiljað, strigalagt, og ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi, gangur, geymsluklefi, baðherbergi, v.s. og fastur skápur, allt með sama frágangi eins og er á aðal hæðinni. Á skambitum er gólf. Þar uppi eru 2 íbúðarherbergi, með sama frágangi eins og niðri. Stórt þurkloft er þar ómálað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er gangur að endilöngu og allir skilveggir úr steini. Þar eru 4 íbúðarherbergi og eldhús, með samskonar frágangi eins og á aðal hæðinni. Auk þessa er þar miðstöðvarherbergi, þvottahús og geymsluherbergi.</p>	
Stærð: L. 11.3 m. br. 10.4 m. h. 4.6 m. ris 4.4 m. kjh. 2.5 m.	
Inngönguskúr er við norðurgöfl hussins, byggður eins og það, með þaki og gólfi úr járnþetri steinsteypu. Þaksvalir eru yfir skúrnum. Kjallari er undir skúrnum. Þar er búr, gangur og geymsla.	
Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 3.5 m. þaksvalir, kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	99.600.-
<p>b. Viðbygging, er við austurhlíð hússins, úr steinsteypu, með þaki úr bárujárn, listum, pappa og borðasúð. Í henni eru 2 loft úr járnþetri steinsteypu og kjallaragólf úr venjulegri steinsteypu. Í aðal hæðinni er 1 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s. og fataherbergi. Innan á útveggjum eru borðabiljur, virlagðar og múrsléttar og öll er þessi hæð máluð innan. Í kjallara er geymsluherbergi, Viðbyggingin er múrhúðuð utan.</p>	
Stærð: L. 6.2 m. br. 5.0 m. h. 3.7 m. skápak, kjh. 2.2 m.	
" viðb. v/norðurgöfl: L. 2.4 m. meðalbr. 1.3 m. h. 3.0 m.	
Viðbyggingarnar eru virtar ásamt tilheyrandi, á.....	22.200.-
<p>c. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Veggirnir eru sementsléttar utan og innan og í honum er timburgólf.</p>	
Stærð: L. 6.4 m. br. 3.7 m. h. 2.9 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	2.415.-
Samtals	124.215.- V

Gata og númer:

Laufásvegur 7.

Möt framkvæmd:	Metið kr
Á. Aðalhúsið: L. 11.3 m. br. 10.4 m. h. 4.6 m. ris 4.4 m. kjh. 2.5 m.	
" Inngönguskúr: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 3.5 m. þaksvalir, kjh. 2.5 m.	
" viðb. v/austurhl:L. 6.2 m. br. 5.0 m. h. 3.7 m. skápak, kjh. 2.2 m.	
" " v/norðurg: L. 2.4 m. meðalbr. 1.3 m. h. 3.0 m.	
Húsið, ásamt 2 viðbyggingum og tilheyrandi, & virt á.....	369.600.-
B. Bifreiðaskúr: L. 6.4 m. br. 3.7 m. h. 2.9 m. skápak.	
Skúrin, ásamt tilheyrandi, & virtur á.....	10.200.-
Samtals	379.800.-

Gata og númer:

Laufásvegur 8.

Möt framkvæmd: (17/3/1919.) 20/3/1952.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með kvisti, risi og kjallara, úr steinsteypu, með járnþaki á plægðri borðasúð, með pappa á milli. Neðra gólf er úr steinsteypu, en hið efra úr timbri, með milligólfi. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, þúr, 2 skápar og 2 gangar, allt kalksléttað, málað og veggfóðrað. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., 3 skápar og gangur, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, allur kalksléttaður innan. Þar eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, 2 gangar, þvottahús, geymsluherbergi, 4 fastir skápar, v.s. og gangur. Herbergin, eldhúsið, gangurinn og v.s. er veggfóðrað og málað. Á skambitum er gólf. Þar uppi er 1 herbergi, þiljað og málað, fastur skápur og framloft.</p> <p>Stærð: L. 11.9 m. br. 9.1 m. h. 4.4 m. ris 4.4 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>b. Girðingar umhverfis eignina eru virtar á.....</p> <p style="text-align: right;">Samtals</p>	<p>47.871.-</p> <p>3.000.-</p> <p>50.871.-[✓]</p>
<p><u>Virt 20/3/1952.</u></p> <p>Húsið hefir frá síðasta mati 17. marz 1949, verið breytt að innréttingu í 5 skrifstofur og snyrtiherbergi m/v.s., allt málað og mest allt nýdúklagt. Á þakhæð allt málað og dúklagt að nokkru. Steypt gólf í kjallara og allt málað og dúklagt.</p> <p>Skrifstofu- og íbh.: L 11.9 br. 9.1 h. 4.4 ris 4.4 kj. 2.5 = 985.44 m³</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>591.300.00[✓]</p>
<p><u>Virt: 17/10 1979.</u></p> <p>Frá síðasta mati hafa verið gerðar breytingar á húsinu.</p> <p>1.hæð: Þar hefur verið sett upp eldhús og bað sem ekki var áður.</p> <p>2.hæð: Verið er að byrja á uppsetningu eldhúss og baðs.</p> <p>Þakhæð: Þar hefur engu verið breytt.</p> <p>Kjallari: Þar er verið að setja upp bað og verður byrjað á eldhúsi fljótlega.</p> <p>Stærð hússins er óbreytt.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....kr.</p>	<p>54.175.000.-</p>

Gata og númer:

Laufásvegur 9.

Möt framkvæmd:	Metið kr.
1/5/1943.	
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf er í öllum bitalögum. Í neðri hæðinni er línstrókuherbergi og afgreiðsla, 3 gangar og 2 fastir skápar, allt þiljað, strigalagt og ýmist veggfóðrað eða málað. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi og 2 gangar, allt með sama frágangi eins og er í neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi, 2 geymsluherbergi og gangur, allt með sama frágangi eins og á hinum hæðunum. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 4 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 11.1 m. br. 9.4 m. h. 7.4 m. ris 3.2 m. kjh. 1.9 m.</p>	170.020.-
<p>b. Geymsluskúr er byggður eins og húsið.</p> <p>Stærð: L. 6.2 m. br. 2.3 m. h. 2.1 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.200.-
<p>c. Þvottahús, er byggt við austurhlíð hússins, úr steinsteypu á 3 vegu og með járnþaki á pappa og borðasúð. Innan á þakbitum eru þiljur, vírlagðar og allur er skúrinn múrsléttaður innan og með steinsteypugólfi.</p> <p>Stærð: L. 8.5 m. br. 4.1 m. h. 3.0 m. ris 0.8 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	12.930.-
<p>d. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, bæði útveggir, þak og gólf. Hann er múrhúðaður utan og innan á útveggjum hans eru vikurplötur, múrsléttaðar. Þar er bifreiðageymsla og venjuleg geymsla.</p> <p>Stærð skúris: L. 5.9 m. br. 2.6 m. h. 2.2 m. sl. þak.</p> <p>" útskots: L. 1.5 m. br. 3.1 m. h. 2.2 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virtur á.....</p>	3.580.-
	Samtals 187.730.- ^v

Gata og númer:

Laufásvegur 10.

Möt framkvæmd: (1/5/1941.) 21/4/1947.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, fjórlyft, með porti, risi og kjallara, úr venjulegri steinsteypu og með eternitbaki á pappa og borðasúð. Í húsinu eru 4 loft úr járn-bentri steinsteypu, en kjallargólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum neðstu hæðarinnar og kjallaraíbúðarinnar eru korkplötur, en á útveggjum allra hinna íbúðanna eru froðusteypuplötur. Allar íbúðir hússins eru múrsléttaðar innan og meginhluti þeirra er olíumálaðar. Aðeins fá herbergi eru veggfóðruð. Í hverri aðalhæðinni fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi 2 eldhús, 2 baðherbergi m/v.s., 7 fastir skápar, 2 gangar og anddyri. Í kjallara eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s., steypibaðklefi, 5 fastir skápar, 4 geymsluherbergi, þvotta- og þurkherbergi, miðstöðvarherbergi, kolastía og 4 gangar. Í þakhæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, steypibaðkl. m/v.s., 2 geymsluklefar, anddyri og gangur. 5 veggpallar eru á húsinu og húsið er allt múrhúðað utan með timmu og kvarzblöndu. Stigar eru úr steinsteypu, með gúmmíúð.</p> <p>Stærð hússins: L. ^{meðal} 14.2 m. br. 10.4 m. h. 9.3 m. ris 3.3 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>" útskots: L. 3.4 m. br. 1.3 m. h. 9.5 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>154.190.✓</p>
=====	
<p>Aðalhúsið er óbreytt frá síðasta mati 1. maí 1941.</p> <p>A. Íbúðarhús: L. 14.2 m. br. 10.4 m. h. 9.3 m. ris 3.3 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>" Útskot: L. 3.4 m. br. 1.3 m. h. 9.5 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>B. Bifreiðaskúr hefir verið byggður á sömu lóð úr steinsteypu, með þaki úr borðum, pappa og jární og klæddur innan timbri og múrhúðaður, hitaður upp með hitaveituvatni.</p> <p>Stærð: L. 3.2 m. br. 5.5 m. h. 2.6 m.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	<p>593.300.-</p> <p>6.900.-</p>
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	<p>600.200.-</p>

Gata og númer:

Laufásvegur 11.

Möt framkvæmd: 21/11/1939.

Metið kr.

Íbúðarhús, m/lækningastofum, tvílyft, með risi og kjallara, úr steinsteypu, með eternitþaki á pappa og borðasúð. Innan á útveggjum eru vikurplötur og nokkrir skilveggir eru einnig úr sama. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og meginhluti skilveggjanna er úr venjulegri steinsteypu. Allar íbúðir hússins og lækningastofur eru múrsléttaðar innan og olíumálaðar. Í neðri hæðinni eru lækningastofur m/15 sjúkraklefum, baðherbergi, ljóslækningastofa, fataherbergi, lækniherbergi, biðstofa, geymsluherbergi, v.s., 5 fastir skápar, 2 anddyri og 3 gangar. Í efri hæðinni eru 6 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, 2 v.s., fataherbergi, 5 fastir skápar, svalir, 2 forstofur og 2 gangar. Rishæðin er enn ósundurhólfuð. Í kjallaranum eru þvottaherbergi, þurkherbergi, lækniherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, 3 geymsluherbergi, v.s., 2 fastir skápar og 2 gangar. Því nær $\frac{1}{2}$ kjallarinn er enn ósundurhólfuð. Stigar eru úr steinsteypu, með gúmmíduk. Húsið er múrhúðað utan með kvarz og tinnu.

Stærð hússins: L. 12.3 m. br. 10.9 m. h. 5.7 m. ris 2.7 m.

" kjallara: L. 12.3 m. br. 12.2 m. h. 2.5 m.

" útskots: L. 6.5 m. br. 2.7 m. h. 5.7 m. ris 1.9 m. *kj. 2.6 m.*~~" kjallara: L. 6.5 m. br. 2.7 m. h. 2.6 m.~~

" útskots: L. 4.8 m. br. 1.3 m. h. 3.2 m. svalir.

Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....

83.756.-v

Virt 25/3/1958

Er frá síðasta mati 21/11/1939, óbreytt að stærðum, en óskast endurmetið til samræmingar við hækkað verðlag.

Stærð hússins:

L. 12.3m., br. 10.9m., h. 5.7m., ris. 2.7m.,

L. 12.3m., br. 12.2m., h. 2.5m.,

L. 6.5m., br. 2.7m., h. 5.7m., ris. 1.9m., kj. 2.6m.,

L. 4.8m., b3. 1.3m., h. 3.2m.,

Alls 1.495.07m³

Húsið með tilheyrandi er metið á..... Alls kr. 1.270.800

Gata og númer: Laufásvegur 12

Möt framkvæmd: 16/12/68

Metið kr.

Nýtt skrifstofuhús. Húsið, sem eru 3 hæðir og ein inndregin hæð + kjallari, er byggt úr steinsteypu. Einangrað með plasti. Slétthúðað og málað utan. Þakið er timbur, pappi og bárujárn. Hitaveita.

1. hæð: Þar eru 3 skrifstofuherbergi, 2 snyrtiherbergi með tilheyrandi, anddyri, stigahús. Allt málað Milliveggir úr timbri. Vinyl-flísar á gólfum. Tvöföld gler í gluggum, harðviðar hurðir.

2. hæð: Þar er tannlæknastofa og heildverzlun, stúkað í 6 herbergi, gangur, 2 snyrtiherbergi með tilheyrandi. Skilrúm eru úr timbri. Ýmist málað eða klætt harðviði. Tvöfalt gler, harðviður í hurðum.

3. hæð: Þar er heildverzlun og eru þar járnskilrúm, þ.e. "Roneo". Þar eru 6 herbergi, 2 snyrtiherbergi með tilheyrandi. Allt málað. Hurðir eru úr járni, tvöfalt gler í gluggum.

4. hæð: er inndregin. Þar eru í innréttingu skrifstofuherbergi, snyrtiherbergi með tilheyrandi.

Kjallari: Þar er hárgreiðslustofa og 4 geymslur, snyrtiherbergi með tilheyrandi, 1 herbergi fyrir rafmagnsinntak og hitainntak. Allt málað og dúklagt, tvöfalt gler í gluggum og harðviður í hurðum.

Stærð hússins:

$$\begin{array}{l} L 17,25m., Br. 10,55m., H. 8,10m., Kj. 2,7m. \\ L 17,25m., Br. 8,00m., H. 2,80m. \end{array} \left. \vphantom{\begin{array}{l} L 17,25m., Br. 10,55m., H. 8,10m., Kj. 2,7m. \\ L 17,25m., Br. 8,00m., H. 2,80m. \end{array}} \right\} = 2351 m^3$$

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt ákr. 6.583.000.00

Gata og númer:

Laufásvegur 13.

Möt framkvæmd: 11/4/1924.

Metið kr.

Íbúðar- og samkomuhús, úr steinsteypu, með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Innan á útveggjum er plankagrind með pappa í og panelbiljum innan á. Panel er einnig neðan á loftbitum. Í aðal hæð hússins er samkomusalur eftir endilöngu húsinu sunnanverðu. Með norðurhlið þess eru 2 herbergi, v.s., gangur. Herbergin eru lögð striga og pappaír á veggjum og loftum og veggfóðruð. Að öðru leyti er húsið allt málað innan. Gólf er úr steinsteypu, með timburgólfi þa bitum þar yfir. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar eru 2 herbergi, eldhús, baðherbergi, v.s. og gangur. Skilveggir eru allir úr steinsteypu, sem og gólf. Allt kalksléttað og málað.

Stærð: L. 10.0 m. br. 10.0 m. h. 3.8 m. skápak, kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við norðurhlið hússins með inngöngu í kjallarann, byggður eins og húsið. Að innan er hann kalksléttaður.

Stærð: L. 2.3 m. br. 6.0 m. h. 3.0 m. skápak. kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við vesturgöfl hússins, byggður eins og það. Að innan er hann allur sementsléttaður og málaður. Undir honum er kjallari.

Stærð: L. 2.2 m. br. 3.8 m. h. 2.6 m. skápak, kjh. 2.2 m.

Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....

28.241.-/

Gata og númer:

Laufásvegur 14.

Möt framkvæmd: (23/6/1919) 30/9 1956.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á 3 hliðar og þaki. 1 hliðin er eldvarnarveggur. Innan á binding er pappi og milligólf í bitalögum. Í aðalheðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur, skápur og v.s. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri heðinni eru 4 íbúðarherbergi og gangur, allt með sama frágangi eins og á aðalheðinni. Í rishæðinni er þurloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað, þvottahús og 3 geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 7.5 m. h. 6.6 m. ris 2.4 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við vesturhlið hússins, byggður eins og það. Í honum er búr, 3 gangar og 2 skápar.</p> <p>Stærð: L. 2.4 m. br. 2.5 m. h. 6.6 m. skápak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>30614.-^v</p>
<p><u>Virt 30. sept. 1956</u></p> <p>Húsið hefur tekið þeim breytingum frá því að síðasta mat fór fram að viðbygging hefur verið gerð við húsið úr steinsteypu, klædd innan gosull og gibsoniti á ásamt timbri. Þakið er úr timbri, pappa og bárujárni. Eldra húsið er óbreytt að öðru leyti en því, að ein hlið hússins hefur verið rifin og er viðbyggingin áföst þeirri hlið, auk þess hefur yfirbyggðu porti, þar sem áður var aðalinnangangur hússins, verið breytt svo, að inngangur er frá götunni beint, en portið er nú geymsla. -</p> <p>Á 1. hæð hússins eru nú 2 tannlækningastofur ásamt biðstofu, 2 skrifstofuherbergi, gangur, v.s. m/handlaug - allt er þar málað og dúklagt.</p> <p>Á 2. hæð eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, handlaug og v.s., ásamt göngum stigahúsi - allt er þar málað og dúklagt. Í þakhæð eru 3 íbúðarherbergi, baðherbergi m/steypibaði, v.s. og handlaug. - Allt er þar málað og dúklagt. Kjallarinn er óbreyttur í eldra húsinu, en í kjallara viðbyggingarinnar er 1 geymsluherbergi.</p> <p>Stærðir hússins eru, sem hér segir:</p> <p>L. 9.60 m. Br. 15.90 m. H. 7.8 m. Ris 2.50 m. kj.mh. 3.00 m. = 1.491.79 m³</p> <p>Húsið, með tilheyrandi, er metið á kr. 1.014.400.-</p>	<p>1.014.400.-</p>

Gata og númer:

LAUFÁSVEGUR 17

Möt framkvæmd: 10/2 1957	Metið kr.
<p>Nýtt íbúðar- og iðnaðarhús, fjórar hæðir og ris, byggt úr steinsteypu, einangrað með vikri, hraunhúðað að utan og með þaki úr timbri, þappa og bárujárni.</p> <p>Á 1. hæð er 1 salur fyrir fatahreinsun, 1 salur fyrir glerslípun, anddyri og forstofa, 3 v. s. og 3 handlaugar. Allt dúklagt og ýmist málað eða veggfóðrað. Öll skilrúm í húsinu eru úr vikri. Hitaveita.</p> <p>Á annari hæð eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/kerlaug, v. s. og handlaug, stigahús og innri forstofa. Allt dúklagt og ýmist málað eða veggfóðrað. Mál- aðar hurðir.</p> <p>3. og 4. hæð eru að öllu leyti eins og 2. hæð.</p> <p>Þakhæðin er óinnréttuð.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>I hæð: L. 16,0 m. Br. 10,6 m. H. 3,2 m.</p> <p>L. 11,89 m. Br. 10,6 m. H. 8,4 m. Ris 1,2 m. Alls 1,677.00 m³</p> <p>Húsið með tilheyrandi er metið á Kr. 1.342.000.00</p>	

Gata og númer:

Laufásvegur 18.

Möt framkvæmd: 21/2/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með skábaki og kjallara, úr steinsteypu, með járnbaki á þappa og borðasúð. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir eru úr venjulegri steinsteypu. Innan á útveggjum er borðagrind með þappa í, listum og vírlögðum þiljum þar innan á, allt múrsléttað og íbúðir hússins eru allar olíumálaðar innan. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., fataklefi, anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, baðherbergi m/v.s., fastur skápur, anddyri og gangur. Í kjallaranum er 1 íbúðarherbergi, eldhús, v.s., þvotta- og þurkherbergi, miðstöðvarherbergi, kolageymsla, anddyri og 2 gangar. Vegpallur er á efri hæð hússins. Það er múrhúðað utan. Stigar eru úr steinsteypu með gúmmíúðuk. Stærð hússins: L. 8.3 m. br. 7.9 m. h. 5.9 m. skábak, kjh. 2.4 m.</p> <p>" útskots: L. 0.9 m. br. 4.1 m. h. 5.6 m. kjh. 2.4 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi og útskoti er virt á.....	60.710.-
<p>b. Hljóðfæravinnustofuhús, einlyft, með skúrbaki, úr steinsteypu, með járnbaki á borðasúð, með þappa á milli. Þar er hljóðfæravinnustofa, v.s. og gangur. Innan á útveggjum er borðagrind með þappa í og þiljum innan á. Skilveggir eru úr bindingi, þiljuðum beggja megin og slegið er þiljum neðan á loftbita. Allar þiljur eru lagðar striga og vélapappír og allt er húsið ýmist veggfóðrað eða málað innan. Gólf er úr venjulegum gólfborðum á bitalögum, sem milligólf er í og stoppað á milli gólfanna með sagspónum og pappalagi. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Þar er þvottaherbergi og geymsluherbergi. Skilveggir eru þar úr timbri.</p> <p>Stærð: L. 8.4 m. br. 4.5 m. h. 3.4 m. skábak, kjh. 2.3 m.</p> <p>Útikjallari er úr steinsteypu, veggir og loft.</p> <p>Stærð: L. 4.0 m. br. 4.0 m. h. 2.0 m.</p>	
Húsið, ásamt útikjallara og tilheyrandi, er virt á.....	15.070.-
Samtals	75.780.- ^x
SNU	

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 1/11 1955.

Metið kr

Hefir frá síðasta mati, 21. febr. 1942, tekið þeirri breytingu, að byggt hefir verið ofan á það tæp 1 hæð og ris úr steinsteypu, hraunhúðað utan, timburklætt innan og með þaki úr timbri, pappa og bárujárni. -

Fyrsta og önnur hæð eru óbreyttar. Á 3. hæð eru stigahús, forstofa, 2 íbúðarherbergi, eldhús, v. s. m/handlaug, og geymsla undir stiga, allt málað og dúklagt. Orignopinehurðir. - Á þakhæð er 1 íbúðarherbergi, stigahús, forstofa, baðherbergi m/keri, v. s. og handlaug, 3 geymslur, málað og dúklagt.

A. Íbúðarhús.: L. 8.25 m. Br. 7.80 m. H. 7.92 m. ris 2.50 m. kj. 2.50 m.

" Útskot :L. 4.10 m. Br. 0.90 m. H. 7.92 m. ris 2.50 m. kj. 2.50 m. Alls 831.45m³

" Húsið, með útskoti og tilheyrandi er metið á kr. 623.600.00

Gata og númer:

Laufásvegur 18 a.

Möt framkvæmd: a, 23/10/1944, b, 1/5/1942.	Metið kr.
<p>a. Þrílyft íbúðar- og trésmíðahús, ^{m/m}úr steinsteypu, með þaki úr borðum og pappa og klætt asbesti. Í því eru 4 loft og stigar úr járnbentri steinsteypu. Innan á öllum útveggjum er vikureinangrun, en skilrúm eru úr timbri og múrhúðuð. Málað er yfir öll loft og veggi. Dúkar eru á gólfum og stigum. Í aðal hæð eru 4 herbergi. Þar af eru 2 notuð fyrir lækningastofur, fastur skápur, v.s. og stigagangur. Í 2. og 3. hæð hvorri fyrir sig eru 3 íbúðarherbergi, eldhús m/rafeldavél, steypibaðklefi m/v.s., stigangur og gangur. Í rishæð eru 2 íbúðarherbergi, klædd trétexi og veggfóðruð, en loftin máluð og 2 geymsluherbergi. Stiginn er úr timbri. Kjallari er einangraður með timbri og múrhúðaður. Í honum er timburgólf yfir steinsteypugólfinu. Þar er trésmíðasalur með 4 hefilbekkjum og 7 verfaraskápum, þvottaherbergi, gangur og stigagangur. Undirkjallari er undir nokkrum hluta yfir-kjallarans og yfir lóðina að kjallara þakhússins og eru þeir samliggjandi, með 2 steypum stoðum á milli, er bera uppi þakið og aðra hlið timbrihússins. Hann er slétt- aður innan á útveggi og hólfaður í tvennt. Þar er trésmíðavinnustofa með 5 - 6 hestafla vinnuvélum. Þar er v.s. og stigi er úr timbri.</p> <p>Stærð hússins: L. 10.0 m. br. 7.8 m. h. 8.2 m. ris 2.5 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" útskots: L. 5.0 m, br. 0.9 m. h. 8.2 m. ris 2.0 m. kjh. 2.4 m.</p> <p>" kjallara: L. 10.0 m. br. 8.0 m. h. 2.2 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt útskoti, kjallara og tilheyrandi, er virt á.....</p> <p>b. Trésmíða- og geymsluhús, úr steinsteypu á 3 vegu, en framhliðin er úr bindingi, klædd utan með borðum og járn. Þannig er þakið líka. Í aðal hæðinni er timburgeymsla og trésmíðasalur, allt þiljað og málað innan. Kjallari er undir öllu húsinu með steinsteypugólfi. Þar er geymsluherbergi, ósundur- hólfað og sameinað undirkjallara aðal hússins, án skilveggja.</p> <p>Stærð: L. 9.8 m. br. 4.5 m. h. 3.4 m. skápak, kjh. 2.4 m.</p>	256.300.-
<p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	22.100.-
<p>Samtals</p>	278.400.-

Gata og númer:

Laufásvegur 19.

Möt framkvæmd:	1/6/1942. 30/9/1964	Metið kr.	
a.	<p>Íbúðarhús, tvílyft, með 3 kvistum, risi og kjallara, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa, listum og bárujárni. Í húsinu eru 3 loft heil og loft yfir kvistum úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og flest allir skilveggir eru úr venjulegri steypu, múrsléttaðir. Nokkrir skilveggjabútar eru bó úr binding með tvöföldum þiljum. Þiljað er einnig innan á þaksperrur og neðan á skambita, þar sem þeir eru. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og þiljum þar innan á. Allar þiljur eru vírlagðar og múrsléttaðar og öll íbúð hússins ýmist veggfóðruð eða máluð innan. Í hvorri aðalherbergi fyrir sig eru 7 íbúðarherbergi, 2 eldhús, 2 baðherbergi, 2 v.s., 2 gangar og anddyri. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi, 2 eldhús, baðherbergi, v.s., fastur skápur, þurkstofa, 3 gangar og anddyri. Í kjallaranum eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, v.s., straustofa, þvottahús, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, 3 geymsluherbergi og 3 gangar. Tvennar veggvalir eru á húsinu. Stigar eru úr timbri og er gúmmíúkur á öllum framstigum. Einnig er gúmmíúkur á gólfum baðherbergja, v.s. og aðalanddyris. Húsið er allt múrsléttað utan.</p> <p>Stærð: Meðall. 20.5 m. br. 10.7 m. h. 6.0 m. ris 4.0 m. kjh. 2.8 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður eins og það, að ytri og innri frágangi. Við hann eru steinsteypuþröppur og undir þeim er gangur inn í kjallarann.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 3.0 m. h. 8.4 m. skápak, kjh. 2.8 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	291.440.-	
b.	<p>Bifreiðaskúr, fyrir 3 bíla, úr steinsteypu með þaki og 2 burðarbitum úr járnbentri steinsteypu. Gólf er einnig úr steinsteypu. Skúrinn er allur múrsléttaður utan og innan og hvíttaður innan.</p> <p>Stærð: L. 8.2 m. br. 7.6 m. h. 2.6 m. skápak.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....</p>	7.890.-	
Santals		299.330.-	
<hr/>			
Virt 30/9/1964.			
<p>Nýr bílskúr, byggður úr steinsteypu, ein-angraður með vikri, slétt húðaður og málaður að utan með steypu þaki. Skúrinn er ósundurhólfaður og upphitaður.</p> <p>Stærð skúrsins:</p> <p>C: L. 26.75 m., br. 7.28 m., h. 2.9 m., = 565.00 m³.</p> <p>Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á..... kr.</p>			311.000.-

Gata og númer:

Laufásvegur 20.

Möt framkvæmd: (1/7/1942.) 18/10/1946.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með tveimur kvistum, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf er í öllum bitalögum. Í neðri hæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 2 gangar og 2 skápar. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, 2 búr, 2 gangar og 2 skápar, allt með samskonar frágangi eins og í neðri hæðinni. Í rishæðinni eru 6 herbergi, gangur og 4 skápar, allt þiljað og málað. Á skambbitum er gólf. Þar uppi er þurkloft og geymsla. Kjallari með steinsteypu-gólfi er undir öllu húsinu. Í honum eru 6 geysluherbergi, þvottaherbergi, gangur og 2 v.s.</p>	
Stærð: L. 10.7 m. br. 8.8 m. h. 6.6 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	100.340.-
<p>b. Geysluskúr, úr bindingi, klæddur utan borðum og pappa á veggjum og með járnþaki á langböndum. Í honum er gólf og skilveggir úr timbri.</p>	
Stærð: L. 6.6 m. br. 3.3 m. h. 2.3 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	2.000.-
Samtals	102.340.✓
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/7/1942.	
A. Íbúðarhús: L. 10.7 m. br. 8.8 m. h. 6.6 m. ris 3.8 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	232.800.-
B. Geysluskúr: L. 6.6 m. br. 3.3 m. h. 2.3 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	2.500.-
Samtals	235.300.-
<u>Virt:4/10.1978.</u>	
<p>Á þakhæð hússins hafa verið gerðar miklar endurbætur, tvöfalt glær sett í glugga endurnýjað rafmagn og allar leiðslur í húsinu, einnig eldhús og baðherbergi ofl. endurnýjað. Stærðir hússins eru óbreyttar.</p>	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....	29.258.000.-

Gata og númer:

Laufásvegur 22.

Möt framkvæmd: 1/12/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, götumegin, en tvílyft, vesturhlíðin, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan plægðum borðum, pappa, vírneti og múrhúðað með kvarz og tinnu en með járn á baki. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s., gangur og 3 skápar, allt þiljað, strigalagt og málað. Loft eru klædd með masonite. Uppi eru 6 herbergi og gangur, allt með sama frágangi eins og í neðri hæðinni. Þar er einnig baðherbergi og v.s. Á skammtum er gólf. Þar eru 2 herbergi og þurkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 4 geymsluherbergi, þvottaherbergi og miðstöðvarherbergi.</p>	
Stærð hússins: L. 9.4 m. br. 9.1 m. h. 4.5 m. ris 4.2 m. kjh. 2.0 m.	
" útskots: L. 3.2 m. br. 1.3 m. h. 5.6 m. ris 2.8 m. kjh. 2.0 m.	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	126.950.-
<p>b. Viðbygging er við norðurgafli hússins, einlyft, með kjallara og skábaki, úr steinsteypu á 3 vegu, með járnþaki á pappa og borðasúð. Í aðal hæðinni eru skilveggir ýmist úr steinsteypu eða timbri. Þar er eldhús, búr, fataklefi, v.s., anddyri, forstofa og 2 gangar, allt múrsléttað og olíumálað innan. Viðbyggingin er múrhúðuð utan með kvarz og tinnu.</p>	
Stærð: L. 3.8 m. br. 7.9 m. h. 3.3 m. skáþak, kjh. 2.1 m.	
Viðbyggingin er virt á.....	19.800.-
<p>c. Garðhús, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum og með járnþaki á borðasúð með torfþaki þar yfir. Það er þiljað innan, strigalagt, veggfóðrað og málað.</p>	
Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 2.5 m. toppris.	
Húsið er virt á.....	2.400.-
Samtals	149.150.✓

Gata og númer:

Laufásvegur 24.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús m/lækningastofu, tvílyft, með risi og kjallara, úr járnbentri steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og þakhellu. Í húsinu eru 3 loft úr járnbentri steinsteypu, en kjallaragólf og skilveggir allir úr venjulegri steinsteypu múrsléttaðri. Innan á útveggjum er froðusteypa, allt múrsléttað og íbúðirnar allar olíumálaðar. Í neðri hæð hússins eru 1 íbúðarherbergi, skrifstofa, lækningastofa, biðherbergi, eldhús, baðherbergi, 2 v.s., skáli og 4 gangar. Í efri hæðinni eru 7 íbúðarherbergi, 2 baðherbergi, v.s., 3 fastir skápar, anddyri og gangar. Rishæðin er ósundurhólfuð og óbiljuð. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., búr, þvottahús, þurkherbergi, 2 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, 2 skápar, anddyri og 3 gangar. Gúmmí er á göngum, þöðum og anddyri. Steinsteyputröppur eru við húsið og 2 veggivalir. Stigar eru úr steinsteypu og húsið er múrhúðað utan. Stærð: Meðall. 16.0 m. meðalbr. 9.0 m. h. 5.8 m. ris 2.7 m. kjh. 2.5 m. Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	144.965.-
<p>b. Bifreiðaskúr er að öllu leyti byggður eins og húsið. Stærð: L. 3.6 m. br. 8.0m. h. 2.7 m. Skúrinn er virtur á.....</p>	3.900.-
Samtals	148.865.4

Möt framkvæmd: (1/6/1942.)(15/5/1946.) 17/7/1947.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með porti, 2 kvistum og risi, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Öll gólf og skilrúm niðri og langskilrúm uppi eru úr steinsteypu. Innan á útveggjum niðri er klætt með koksplötum.</p> <p>Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, gangur og 2 skápar. Allt kalksléttað, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, geymsluherbergi, v.s. ^{2 skápar} og gangur. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Á skammbitum er gólf. Þar uppi er þurkloft. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Í honum eru 3 íbúðarherbergi, þvottahús, geymsluherbergi, gangur. Íbúðarherbergin eru með sama frágangi eins og á aðal hæðinni.</p> <p>Stærð: L. 9.2 m. br. 8.5 m. h. 4.2 m. ris 3.4 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurgöfl hússins með þaksvölum og kjallara, byggður eins og það. Í honum er gangur og geymsluherbergi.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.1 m. h. 2.8 m. þaksvölur, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	78.600.-
<p>b. Viðbygging er við suðurenda eldra hússins, úr steinsteypu, bæði út- og innveggir. Öll loft hússins eru úr járnþetri steinsteypu. Þak er úr borðasúð, pappa og járn þar yfir. Í neðri hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, fastur skápur, v.s. og gangur. Innan á útveggjum er grind með pappa í og panelþiljum innan á, lögðum striga og pappír. Loft og skilveggir er kalksléttað og öll er hæðin máluð innan. Í efri hæðinni er sama herbergja-skipun og frágangur eins og á þeirri neðri. Í þaklyfti eru 4 íbúðarherbergi þaðherbergi m/v.s., 2 skápar og gangur, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Á skammbitum er gólf. Þar er 1 íbúðarherbergi, skápur og framloft, allt þiljað og málað. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Trégólf er þar yfir. Þar eru 3 íbúðarherbergi og gangur, allt með sama frágangi eins og á aðal hæðinni. Einnig er þar miðstöðvarherbergi, kolageymsla og gangur. Allir stigar og tröppur í húsinu eru úr steinsteypu.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 11.7 m. h. 6.3 m. ris 5.0 m. kjh. 2.5 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurgöfl hússins, byggður eins og það. Þar eru 3 gangar með timburstigum og 2 geymsluklefar.</p> <p>Stærð: L. 3.1 m. br. 1.9 m. h. 5.7 m. skáþak, kjh. 2.5 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	113.700.-
<p>c. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu með steinsteypugólfi og þaki úr borðasúð, pappa og járnþi. Stærð: L. 4.1 m. br. 6.4 m. h. 2.6 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	3.740.-
H. 4. 6500944	Samtals 196.040.-

Gata og númer:

Laufásvegur 25.

Möt framkvæmd:	Metið kr
Húsið er óbreytt frá síðasta mati 1/6/1942.	
A. Ibúðarhús: L. 9.2 m. br. 8.5 m. h. 4.2 m. ris 3.4 m. kjh. 2.5 m.	
" Inng.skúr: L. 2.5 m. br. 2.1 m. h. 2.8 m. skápak, kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	170.700.-
B. Ibúðarhús: L. 7.5 m. br. 11.7 m. h. 6.3 m. ris 5.0 m. kjh. 2.5 m.	
" Inngönguskúr: L. 3.1 m. br. 1.9 m. h. 5.7 m. skápak, kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	270.000.-
C. Bifreiðaskúr: Meðall. 4.1 m. br. 6.4 m. h. 2.6 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	6.880.-
Samtals	447.700.-
<hr/>	
Húsið er óbreytt í aðalatriðum frá síðasta mati 15. maí 1946.	
A. Ibúðarhús: L. 9,2 m. br. 8,5 m. h. 4,2 m. ris 3,4 m. kjh. 2,5 m.	
" Inng.skúr: L. 2,5 m. br. 2,1 m. h. 2,8 m. skápak, kjh. 2,5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á	204.900.-
B. Ibúðarhús: L. 7,5 m. br. 11,7 m. h. 6,3 m. ris 5,0 m. kjh. 2,5 m.	
" Inng.skúr: L. 3,1 m. br. 1,9 m. h. 5,7 m. skápak, kjh. 2,5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á	311.700.-
C. Bifreiðaskúr: Meðall. 3,1 m. br. 6,4 m. h. 2,6 m. skápak.	
Bifreiðaskúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á	8.800.-
Samtals	525.400.-

Gata og númer:

Laufásvegur 26.

Möt framkvæmd: 21/2/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarnús, tvílyft, með risi og kjallara, úr járnbentri steinsteypu, en skilveggir allir og kjallaragólf eru úr venjulegri steinsteypu, allt múrsléttað. Innan á útveggjum er borðagrind með pappa í, listum og biljum þar innan á, vírlögðum og múrsléttuðum og allar íbúðir hússins eru málaðar innan. Í hvorri hæð fyrir sig eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, búr, v.s., baðherbergi, m/v.s., 2 gangar og anddyri. Auk þessa er 1 baðherbergi m/v.s. á efri hæðinni og í neðri hæðinni sólbyrgi og 4 fastir skápar. Þar eru tvennar svalir, en þak sóbyrgis myndar svalir fyrir efri hæðinna. Í kjallaranum eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi m/v.s., þvottahús, þurkstofa, miðstöðvarherbergi, kolaklefi, 4 geymsluherbergi og 2 gangar. Þrennar steinsteyputröppur eru við húsið. Stigar eru úr steinsteypu með gúmmíduk. Húsið er múrhúðað utan.</p> <p>Stærð: Meðall. 17.6 m. br: 9.1 m. h. 5.6 m. ris 2.8 m. kjh. 2.6 m.</p>	
Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....	159.700.-
<p>b. Bifreiðaskúr, byggður að ytra frágangi eins og húsið, allur biljaður innan, múrsléttaður og með steinsteypubaki. Kjallari er undir honum.</p> <p>Stærð: L. 3.5 m. br. 8.8 m. h. 2.8 m. sl. þak, kjh. 2.6 m.</p>	
Skúrin, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	5.840.-
Samtals	165.540. ✓

Gata og númer:

Laufásvegur 27.

Möt framkvæmd: 1/9/1941.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í neðri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, veggfóðrað og málað. Uppi er sama herbergjaskipun og frágangur eins og í neðri hæðinni. Í rishæðinni er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað og þurkloft. Kjallari er undir öllu húsinu, með steinsteypugólfi. Í honum eru 2 íbúðarherbergi, þiljuð og máluð, 3 geymsluherbergi og gangur.</p> <p>Stærð: L. 7.6 m. br. 7.5 m. h. 5.7 m. ris 1.9 m. kjh. 2.2 m.</p>	
<p>b. Inngönguskúr er við norðurgافل hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 1.6 m. br. 1.9 m. h. 3.1 m. skáþak, kjh. 2.2 m.</p>	
<p>c. Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 5.0 m. skáþak, kjh. 2.2 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	33.535.-
<p>d. Geymsluskúr, er byggður við suðurgافل hússins, úr bindingi, klæddur utan jární á langböndum, bæði á veggjum og þaki.</p> <p>Stærð: L. 2.8 m. br. 7.5 m. h. 1.9 m. skáþak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	1.000.-
<p>e. Kjallarabygging er við norðurgافل litra b, úr steinsteypu, með þaki úr borðasúð, pappa og jární. Þar er 1 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt þiljað og málað. Timburgólf er í kjallaranum.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 3.0 m. h. 2.7 m.</p> <p>Kjallarabyggingin, ásamt tilheyrandi, er virt á.....</p>	5.030.-
	<p style="text-align: right;">Santals</p> <p style="text-align: right;">39.565.4</p>

Gata og númer:

Laufásvegur 34.

Möt framkvæmd: 1/4/1942.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með porti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plægðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í binding er fyllt með sagspónum. Milligólf er í öllum bitaögum. Í aðal hæðinni eru 4 íbúðarherbergi og eldhús, allt þiljað, lagt striga og pappír og ýmist veggfóðrað eða málað. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, 3 skápar og gangur. Allt með sama frágangi eins og í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Með steinsteypuveggjum er hann hólfður í sundur í 4 geymsluherbergi, miðstöðvarherbergi og þvottaherbergi.</p> <p>Stærð: L. 10.0 m. br. 8.8 m. h. 4.4 m. ris 3.8 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>Inngönguskúr er við suðurgöfl hússins, með risi og kjallara, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.8 m. br. 4.2 m. h. 3.5 m. ris 0.8 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>Við norðurgöfl hússins er inngönguskúr með þaksvölum, byggður eins og það. Í honum eru 3 gangar, þúr og v.s.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 7.5 m. h. 3.5 m. þaksvölur, kjh. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	75.300.-
<p>Virt:21/12.1981.</p> <p>Frá síðasta mati hefur verið byggður steinsteypdur bílskúr við húsið, einangraður með plasti múrhúðaður að utan, með steiptu þaki.</p> <p>Skúrsins stærðir: L. 6,5 m., Br. 3,8 m., H. 4,8 m. = 119 m³</p> <p>Bílskúrin ásamt tilheyrandi er virt á.....</p>	74.256.-

Gata og númer:

Laufásvegur 31.

Möt framkvæmd: 15/10/1943.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með porti, kvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með gólfborðum, þappa, listum og járnri á veggjum og þaki. Í aðalherbergi eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og gangur. Herbergin eru öll þiljuð innan með gólfborðum, strigalögð, veggfóðruð og máluð. Loft eru öll þreföld. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi og gangur. Allt með sama frágangi eins og á aðalherberginni. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu, hólfaður til geymslu.</p> <p>Stærð: L. 8.5 m. br. 7.5 m. h. 4.3 m. ris 3.2 m. kjh. 2.0 m.</p> <p>Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður eins og það.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 2.8 m. skáþak, kjh. 2.0 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúro og tilheyrandi, er virt á.....</p>	78.430.-
<p>b. Fjórhus, úr bindingi, klætt utan með járnri á langböndum og með járnþaki á þlæðri súð. Það er með timburgólfi, hólfað í sundur í 3 herbergi.</p> <p>Stærð: L. 7.5 m. br. 3.8 m. h. 3.0 m. skáþak.</p> <p>Húsið, er virt á.....</p>	4.300.-
<p>c. Hlaða og geymsluport, er byggt við fjórhusið úr timbri, klætt utan með járnri á langböndum. Steinsteypugólf er í hlöðunni.</p> <p>Stærð: L. 4.9 m. br. 7.8 m. h. 2.4 m. ris 0.5 m.</p> <p>Hlaðan er virt á.....</p>	5.150.-
Samtals	87.880.-

*fellur til 1973
flutt upp að íbúð 32*

Gata og númer:

Laufásvegur 35.

Möt framkvæmd: 1/3/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og listar og milligólf í tveimur bitalögum. Niðri í húsinu eru 5 íbúðarherbergi, eldhús, 2 skápar og gangur, allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús og 4 fastir skápar. Allt með sama frágangi eins og í neðri hæðinni. Á þakbitum er gólf úr plögðum borðum. Kjallari með steinsteypugólfi, er undir öllu húsinu, hólfaður í sundur í geymslu.</p> <p>Stærð: L. 9.4 m. br. 7.5 m. h. 6.3 m. ris 2.1 m. kjh. 2.0 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er við norðurgafi hússins, byggður eins og það. Norðurgafi hans er eldvarnarveggur.</p>	
<p>Stærð: L. 2.4 m. br. 3.8 m. h. 6.3 m. skápak. kjh. 2.0 m.</p>	
<p>Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður eins og það.</p>	
<p>Stærð: L. 3.1 m. br. 2.2 m. h. 6.0 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p>	
<p>Húsið, ásamt 2 inngönguskúrum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	67.700.-
<p>b. Viðbygging er við austanvert húsið, tvílyft, með skúrbaki, úr bindingi, klædd utan með borðum, pappa, listum og járni á 3 vegu og þaki. Í hvorri hæð fyrir sig er 1 íbúðarherbergi með sama frágangi eins og í aðalhúsinu.</p> <p>Stærð: L. 4.6 m. br. 3.4 m. h. 6.6 m. skápak.</p>	
<p>Viðbyggingin er virt á.....</p>	7.950.-
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	75.650.-

Gata og númer:

Laufásvegur 36.

Möt framkvæmd: 21/8/1929. 19/3/1966	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og baki. Innan á binding er tvöföld borðaklæðning. Húsið er port-byggt og simm kvistur á hvorri hlið þaksins. Kjallari er undir öllu húsinu, með gólfi og skilveggjum úr steinsteypu. Loft yfir honum er einnig úr járnþentri steinsteypu. Í kjallaranum eru 4 geymsluherbergi, þvottaherbergi og miðstöðvarklefi. Í aðal hæð hússins eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og anddyri. Allt þiljað, lagt striga og pappír á veggjum og loftum og málað. Í rishæðinni eru 6 íbúðarherbergi, baðherbergi og anddyri. Frágangur er hér hinn sami og á aðal hæðinni. Í bitalögum er milligólf með innlögðum pappa. Á skammtum er gólf. Þar uppi er þurkloft.</p> <p>Stærð: L. 12.6 m. br. 10.4 m. h. 5.4 m. ris 4.4 m. kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, er víst á.....</p>	62.800.-
<p>b. Bifreiðaskúr, úr grásteini á 3 hliðar. Annar gaflinn er úr timbri. Þak er úr borðasúð, pappa og járnri og steinsteypugólf er í skúrnum.</p> <p>Stærð: L. 7.3 m. br. 4.0 m. h. 3.4 m. skáþak.</p> <p>Skúrin er virtur á.....</p>	1.980.-
<p>c. Þurkhjallur og geymsluskúr, á baklóð hússins, úr steiptum steini og með járnþaki á borðasúð, með pappa á milli. Hjallurinn er hólfaður í tvennt.</p> <p>Stærð: L. 17.9 m. br. 5.8 m. h. 2.5 m. skáþak.</p> <p>Hjallurinn er virtur á.....</p>	2.590.-
	Samtals 67.370.-
<p><u>Virt 19/3/1966</u></p> <p>1. hæð er nú 5 skrifstofuherbergi, v. s. og handlaug og gangur. Allt málað Á 2. hæð er fundaralur, gangur, v. s. og handlaug, bakherbergi og eldhús. Sami frágangur og á 1. hæð. Á þak hæð er fundarherbergi, gangur, baðstofa og geymsla. Viðarklætt og knálað. Kjallarinn er óbreyttur frá síðasta mati, 21. ágúst 1929.</p> <p>Stærð hússins:</p> <p>A: L. 12.6 m., br. 10.4 m., h. 5.4 m., ris 4.4 m., kj. 2.2 m. = 1.284.00 m³ 2.825.000.- B: L. 7.3 m., br. 4.0 m., h. 3.4 m., = 99.00 m³ 78.000.- C: L. 17.9 m., br. 5.8 m., h. 2.5 m., = 160.00 m³ 60.000.- Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á..... kr. 2.963.000.-</p>	

Gata og númer:

Möt framkvæmd: 20/7 1976.

Metið kr

Frá síðasta mati hefur húsið verið endurbætt vegna óska
brunaeftirlitsins. Settur hefur verið brunastigi utan á húsið og
skiöt um veggklæðningu utan á húsinu, og bárujárn sett í staðinn.
Ýmsar aðrar breytingar hafa verið gerðar.

Húsið, er óbreytt að stærðum frá síðasta mati.

Húsið, ásamt tilheyræli, er virt ákr. 28.209.000.-

Gata og númer:

Laufásvegur 37.

Möt framkvæmd: 18/6/1924.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með járni á langböndum og fyllt með marhálmi, bæði veggir og þak. Í húsinu eru 2 herbergi, eldhús, búr, gangur og 2 skápar. Allt þiljað innan, pappalagt, veggfóðrað og málað. Kjallari er undir öllu húsinu. Þar er 1 íbúðarherbergi, þiljað og málað og anddyri. Þar er einnig geymsluherbergi,</p>	
Stærð: L. 5.0 m. br. 5.0 m. h. 2.5 m. ris 1.0 m. kjh. 2.1 m.	
Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður úr binding, klæddur utan plögðum borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki.	
Stærð: L. 1.3 m. br. 1.6 m. h. 2.4 m. skápak	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	4.200.-
<p>b. Íbúðarskúr, við norðurgöfl hússins, úr bindingi, klæddur utan plögðum borðum, pappa og listum og járni þar yfir á veggjum og þaki. Hann er allur þiljaður innan og málaður. Þar eru 2 íbúðarherbergi og gangur.</p>	
Stærð: L. 4.4 m. br. 5.0 m. h. 2.7 m. skápak	
Skúrinn, ásamt tilheyrandi, er virtur á.....	2.323.-
Samtals	6.523.- ✓

Gata og númer:

Laufásvegur 38.

Möt framkvæmd: (1/2/1942)(29/6/1946.) 24/5/1949	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með risi og kjallara, úr binding, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Innan á binding er pappa og listar og milligólf er í bitalögum. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr og skápur, allt þiljað strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 7 herbergi og gangur, allt með sama frágangi eins og er á aðal hæðinni. Á skamm-bitum eru plægð borð. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Timburgólf er ofan á steinsteypugólfinu, í $\frac{3}{4}$ hlutum kjallarans. Þar eru 2 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 2 gangar og geymsluherbergi, allt þiljað og málað, nema geymslan.</p> <p>Stærð: L. 8.3 m. br. 8.2 m. h. 4.7 m. ris 3.1 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>Inngönguskúr er við norðurgafi hússins, byggður eins og það. Þar er geymsla, 2 gangar og skápur.</p> <p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 3.0 m. skápak, kjh. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>44.750.-</p>
<p>Húsið er í aðalatriðum óbreytt frá síðasta mati 1/2/1942.</p> <p>Stærð íbúðarhússins: L. 8.3 m. br. 8.2 m. h. 4.7 m. ris 3.1 m. kjh. 2.3 m.</p> <p>" inngönguskúrs: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 3.0 m. skápak, kjh. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>134.400.-</p>
<p>Virt 24/5/1949.</p> <p>Húsið er breytt frá síðasta mati 29. júní 1946, að því leyti, að 2 nýir timburkvistir hafa verið settir á húsið og ýmsar breytingar gerðar innanhúss, en tala herbergja á hæðinni er þó óbreytt. Á þakhæðinni eru nú 4 íbúðarherbergi eldhús, v.s., stigahús og innri forstofa, allt dúklagt, mest málað, ennfremur veggsvaíir. Í kjallara er sama herbergjaskipum og áður var, en mikið er þar umbætt. Inngangi á hæðina og í kjallarann hefir ennfremur verið breytt.</p> <p>Íbúðarhús: L 8.3 m. br. 8.2 m. h. 4.7 m. ris 3.7 m. kj. 2.4 m.</p> <p>Inngskúr : L 2.5 m. br. 2.5 m. h. 3.0 m. skápak. kj. 2.3 m.</p> <p>Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>Krónur 210.800.-</p>

Gata og númer:

Laufásvegur 39.

Möt framkvæmd: 1/2/1942.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan plögðum borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í útveggi er fyllt með marhálmi. Í aðalherberginu eru 3 íbúðarherbergi, þiljuð, veggfóðruð og máluð. Í rishæðinni eru 2 herbergi, þiljuð og máluð. Kjallari er undir öllu húsinu. Í honum er timburgólf. Þar eru 2 geymsluklefar, gangur og eldhús, þiljað og málað.</p> <p>Stærð: L. 5.0 m. br. 5.0 h. 2.5 m. ris 2.1 m. kjh. 2.1 m.</p>	
<p>Inngöngu- og geymsluskúr, úr bindingi, klæddur utan jární á langböndum, bæði veggir og þak.</p>	
<p>Stærð: L. 2.5 m. br. 2.5 m. h. 2.2 m. skápak, kjh. 2.1 m. og inngönguskúr</p> <p>Húsið, ásamt tilheyrandi, /er virt á.....</p>	13.020.-
<p>b. Geymsluskúr, úr timbri, ójámvarinn. Þar er geymsluherbergi og þurk-hjallur.</p>	
<p>Stærð: L. 3.5 m. br. 1.9 m. h. 1.7 m. skápak.</p> <p>Skúrinn er virtur á.....</p>	275.-
<p style="text-align: right;">Samtals</p>	13.295.-
Virt: 5/12.1978.	
Húsið hefur verið endurnýjað frá fyrra mati,	
<p><u>l.hæð:</u></p> <p>Þar hafa ýmsar lagfæringar átt sér stað, svo sem nýjar leiðslur, endurnýjað gólf, eldhús m/borðkrók, veggir málaðir, timbur gólf, skáli tvöfalt gler í gluggum, nýr stigi frá efsta lofti niður í kjallara.</p>	
<p><u>Þak:</u></p> <p>Þar er eitt herbergi, vaskur og handlaug, viðarklætt hólf í gólf, Tvöfalt gler æi gluggum.</p>	
<p><u>Kjallari:</u></p> <p>Þar er stofa, viður í lofti, veggir veggfóðraðir, og málaðir, baðherbergi m/kerlaug og tilheyrandi, lofthæð kjallara hækkað vegna breytinga á gólfi.</p>	
Stærðir hússins:	
A.liður: L. 5,0 m., Br. 3,0 m., H. 2,7 m., Ris. 2,1 m., Kj. 2,4 m. =	
B.liður: L. 3,5 m., Br. 2,0 m., Kj. 2,4.	
Húsið ásamt tilheyrandi er virt á.....	kr 5.100.000.-

Möt framkvæmd: (1/10/1941.) (13/4/1946.) 16/1/1950.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, tvílyft, með risi og kjallara, úr járnbentri steinsteypu, bæði innveggir, loft, útveggir og gólf. Þak er úr borðasúð, pappa, listum og "Voss"-skífu. Korkplötur, vírlagðar eru innah á öllum útveggjum hússins. Allt er það fínþessað innan og olíumálað. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, fataklefi, v.s., anddyri og gangur. Í efri hæðinni eru 4 svefnherbergi, baðherbergi m/v.s., 11 fastir skápar og gangur. Í kjallaranum er borðastofa, eldhúsa, búr, framleiðslubúr, v.s., 2 geymsluherbergi og gangur. Eikarstigi er úr borðstofu kjallara uppi í dagstofu neðri hæðarinnar. Aðrir stigar er úr steinsteypu með gúmmíduk. Sömu leiðis er gúmmídukur á gólfum baðherbergis, v.s., og gangsins á efri hæðinni. Linoleumdúkur er á gólfum anddyris, fataklefa, innri forstofu og alls kjallarans nema borðstofu. Allir þessir dúkar eru límdir og sumstaðar kork undir þeim. Forstofuhurð, borðstofuhurð og 4 hurðir að veggpöllum eru úr teakvið. Yfirhöfuð er mjög vandað til efnisvals og frágangs þessa húss. Það er allt húðað utan með kvarz og tinnu.</p> <p>Stærð hússins: L. 9.4 m. br. 9.4 m. h. 5.7 m. ris 1.7 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>" útskots: L. 4.9 m. br. 1.5 m. h. 5.7 m. ris 1.0 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>" do. L. 4.4 m. br. 1.3 m. h. 3.5 m. skápak. Kjh. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	93.690.-
<p>b. Bifreiðaskúr og þvottahús, úr samskonar efni og með sama frágangi og aðal húsið. Í kjallaranum er miðstöðvarherbergi, geymsla.</p> <p>Stærð bifreiðaskúrs: L. 5.6 m. br. 3.2 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>" þvottahúss: L. 4.8 m. br. 4.3 m. h. 2.8 m.</p> <p>Húsin, ásamt tilheyrandi, eru virt á.....</p>	7.515.-
Samtals	101.205. ✓
=====	
Húsið, er óbreytt frá síðasta mati 1/10/1941.	
<p>A. Íbúðarhús: L. 9.4 m. br. 9.4 m. h. 5.7 m. ris 1.7 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>" útskots: L. 4.9 m. br. 1.5 m. h. 5.7 m. ris 1.0 m. kjh. 2.6 m.</p> <p>" do: L. 4.4 m. br. 1.3 m. h. 3.5 m. skápak, kjh. 2.6 m.</p> <p>Húsið, ásamt 2 útskotum og tilheyrandi, er virt á.....</p>	255.600.-
<p>B. Bifreiðaskúr: L. 5.6 m. br. 3.2 m. h. 2.5 m. skápak, kjh. 2.0 m.</p> <p>" þvottaskúr: L. 4.8 m. br. 4.3 m. h. 2.8 m. skápak, kjh.</p> <p>Bifreiðaskúr, ásamt tilheyrandi, og þvottahús, er virt á.....</p>	27.000.-
Samtals	282.600.-
=====	

Möt framkvæmd: 16/1/1950.

Metið kr

Húsið er óbreytt frá síðasta mati 13. apríl 1946.

A. Íbúðarhús: L 9.4 m. br. 9.4 m. h. 5.7 m. ris 1.7 m. kj. 2.6 m.

" Útskot : L 4.9 m. br. 1.5 m. h. 5.7 m. ris 1.0 m. kj. 2.6 m.

" do : L 4.4 m. br. 1.3 m. h. 3.5 m. skápak. kj. 2.6 m.

Húsið, ásamt útskotum og tilheyrandi, er virt á..... 361.500.-

B. Bifreiðaskúr: L 5.6 m. br. 3.2 m. h. 2.5 m. skápak. kj. 2.6 m.

Þvottaskúr: L 4.8 m. br. 4.3 m. h. 2.8 m. skápak.

Bifreiðaskúr, ásamt þvottaskúr og tilheyrandi, er virt á..... 36.000.-

Samtals krónur 397.500.-

Gata og númer:

Laufásvegur 41.

Möt framkvæmd: 21/4/1943.

Metið kr.

Íbúðar- og verzlunarhús, úr steinsteypu með járnþaki á pappa og borðasúð. Í neðri hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, fataklefi, 2 fastir skápar, anddyri og gangur. Gólf og loft eru úr járnþentri steinsteypu, en skilveggir allir úr sementssléttaðri steinsteypu, allir ýmist veggfóðraðir eða málaðir. Loft, sem og glugga- og dyraumbúningur er einnig allt málað. Innan á útveggjum er plankagrind, með tvöföldu pappalagifog listum milli og þar innan á eru plægðar borðabiljur, lagðar striga, vélapappír og veggfóðri. Í efri hæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, baðherbergi, fataklefi, 2 fastir skápar, anddyri og gangur, allt með nákvæmlega sama frágangi eins og er á neðri hæðinni, nema hvað hér er 1 skilveggsbútur úr binding, með tvöföldum þiljum. Í rishæð er þurk- og geymsluloft. Kjallari er undir öllu húsinu, með gólfi og skilveggjum úr steinsteypu. Þar eru 2 sölubúðir, með skápum, borðum og hillum, sementssléttaðar innan og málaðar. Ennfremur eru þar 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvarherbergi og gangur, allt sementsstrokið innan. Stigatröppur eru allar úr steinsteypu. Allt er húsið sementssléttað utan.

Stærð: L. 9.8 m. br. 8.8 m. h. 5.6 m. ris 3.3 m. kjh. 2.6 m.

Húsið, ásamt tilheyrandi, er virt á.....

137.670.²

Gata og númer:

Laufásvegur 41 a.

Möt framkvæmd: 1/4/1943.

Metið kr.

Íbúðar- og verzlunarhús, úr bindingi, klætt utan borðum, pappa, listum og jární á veggjum og þaki. Í binding er stoppað með marhálmi og sagspónastoppi. 2 gluggakvistir eru á húsinu. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi og eldhús. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 2 íbúðarherbergi og gangur, allt með samskonar frágangi eins og í aðal hæðinni. Kjallari með steinsteyppugólfi er undir öllu húsinu. Þar er sölubúð með borðum, skúffum og hillum, veggir kalkseléttaðir og allt málað. Þar eru enn fremur 2 geymsluherbergi.

Stærð: L. 6.3 m. br. 5.1 m. h. 2.5 m. ris 2.8 m. kjh. 2.4 m.

Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, byggður eins og það:

Stærð: L. 1.9 m. br. 2.5 m. h. 4.3 m. skábak, kjh. 2.4 m.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

25.160.-

Gata og númer:

Laufásvegur 42.

Möt framkvæmd: 29/7/1944.	Metið kr.
<p>a. Íbúðarhús, einlyft, með porti, kvisti, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með plögðum borðum, pappa, listum og járnri þar yfir á veggjum og þaki. Innan á binding er pappi og milligólf er í báðum bitalögum. Í aðal- hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, gangur og 4 skápar. Allt þiljað, striga- lagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 4 íbúðarherbergi, gangur, bað- herbergi m/v.s., allt með sama frágangi eins og í aðalhæðinni. Á skammtum eru gólfborð. Þar uppi er þurkloft og geymsla. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Þar eru 2 geymsluherbergi, þvottaherbergi, miðstöðvar- herbergi, íbúðarherbergi, þiljað og málað og gangur.</p>	
Stærð: L. 9.4 m. br. 7.5 m. h. 4.7 m. ris 3.4 m. kjh. 2.5 m.	
Inngönguskúr, er við suðurhlíð hússins, með baksvölum og kjallara, byggður eins og það.	
Stærð: L. 3.2 m. br. 1.9 m. h. 5.8 m. ris 1.5 m. kjh. 2.5 m.	
Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....	127.800.-
b. Bifreiðaskúr, úr steinsteypu, veggir, loft og gólf. Innan á útveggjum er vikur.	
Stærð: L. 6.9 m. h. 3.5 m. h. 3.0 m. skápak.	
Skúrinn er virtur á.....	10.900.-
	<p style="text-align: right;">Samtals 138.700.-^v</p>

Gata og númer:

Laufásvegur 43.

Möt framkvæmd: 21/12/1933.

Metið kr.

Íbúðarhús, úr bindingi, klætt utan með borðum, pappa, listum og járni á veggjum og þaki. Húsið er einlyft, með porti, 2 kvistum, risi og kjallara. Í binding er pappalagt. Í aðalhæðinni eru 4 íbúðarherbergi, eldhús, 2 gangar og 2 fastir skápar. Allt þiljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, eldhús og gangur, allt með sama frágangi eins og ér í aðalhæðinni. Kjallar er undir öllu húsinu. Í honum er steinsteypugólf og timburgólf þar yfir í honum $\frac{1}{2}$. Þar eru 2 herbergi og eldhús, þiljuð og máluð. Þar eru einnig gangur og 3 geymsluklefar.

Stærð: L. 8.8 m. br. 6.9 m. h. 3.9 m. ris 2.8 m. kjh. 2.2 m.

Inngönguskúr er við austurhlíð hússins, með veggsvölum, úr steinsteypu og með járnþaki á plægðri borðasúð. Í honum eru 3 gangar og 1 íbúðarherbergi, allt þiljað og málað.

Stærð: L. 4.1 m. br. 2.5 m. h. 6.0 m. skápak.

Húsið, ásamt inngönguskúr og tilheyrandi, er virt á.....

13.600.4

Gata og númer:

Laufásvegur 44.

Möt framkvæmd: (1/3/1942.) 31/10 1955.	Metið kr.
<p>Íbúðarhús, með portí, 2 kvistum, risi og kjallara, úr bindingi, klætt utan með tvöfaldrí plægðri borðaklæðningu, með pappa og listum á milli og með jární bar yfir á pappa og listum, bæði á veggjum og þaki. Millibil er milli sperranna upp að skammbitum. Innan á binding er pappi og milligólf í öllum bitalögum og steypa ofan á í neðra bitalagi, en deigur mór milli lofta í efra bitalagi. Í aðal hæðinni eru 3 íbúðarherbergi, eldhús, búr, 2 gangar, anddyri, baðherbergi og v.s. Allt biljað, strigalagt, veggfóðrað og málað. Í rishæðinni eru 5 íbúðarherbergi, 2 gangar, fastur skápur, allt með samskonar frágangi eins og í aðal hæðinni. Á skammbitum er gólf úr plægðum borðum. Kjallari með steinsteypugólfi er undir öllu húsinu. Hann er hólfaður í sundur í 3 geymsluherbergi, 2 af þeim eru biljuð, þvottahús og 2 ganga. Skilveggir eru úr steinsteypu.</p> <p>Stærð hússins: L. 9.4 m. br. 8.2 m. h. 4.9 m. ris 3.8 m. kjh. 2.2 m. " útskots: L. 4.6 m. br. 2.0 m. h. 5.8 m. þaksvalir, kjh. 2.2 m.</p> <p>Húsið, ásamt útskoti og tilheyrandi, er virt á.....</p>	<p>50.830.4</p>
<p><u>Virt 31/10 1955.</u></p> <p>Húsið hefir tekið allmiklum breytingum innanhúss frá síðasta mati 1. marz 1942. Aðal hæðin endurbætt öll innan og innréttingu breytt, eldhúsinnréttingar nýjar. Þakhæðin öll endurbætt innan og innréttingu breytt. - Í kjallara gerð 2 íbúðarherbergi, bað og eldhús, málað og dúklagt.</p> <p>Íbúðar-verzl.hús: L. 9.4 m. Br. 8.2 m. H. 4.9 m. ris 3.8 m. Kj. 2.2 m. Útskot : L. 4.6 m. Br. 2.0 m. H. 5.8 m. svalir Alls 767.32 m³</p> <p>Húsið, með útskoti og tilheyrandi, er metið á kr.</p>	<p>514.100.00</p>

Gata og númer:

Laufásvegur 45.

Möt framkvæmd: (1/11/1941.) 15/12/1945.	Metið kr.
